



Alex Freyr Hilmarsson
knattspyrnumaður
Íþróttamaður Vestmannaeyja
árið 2025

Árspaning
Íþróttabandalags Vestmannaeyja
7. maí 2026



Verkefni ársþings Íþróttabandalags Vestmannaeyja 7. maí 2026

Verkefni ársþingsins eru:

1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörnefndar
3. Kosning þingforseta og ritara
4. Skýrsla stjórnar og umræður
5. Reikningar stjórnar, umræður og atkvæðagreiðsla
6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja
8. Ræddar tillögur er fyrir liggja

Þinghlé

9. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla
10. a) Kosinn formaður Íþróttabandalags Vestmannaeyja
b) Kosin stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja, 4 aðilar
c) Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara
d) Kosið í laganefnd, tveir fulltrúar og einn til vara
e) Kosið í aðrar nefndir ef tillögur hafa borist
11. Ýmis mál
12. Þingslit

Fundagerð ársþings

-haldið í Týsheimilinu 13. maí 2025

Mættir voru: Arnheiður Pálsdóttir, Björn Matthíasson, Elísa Sigurðardóttir, Gunnar Páll Hálfðánsón og Helga Sigrún Þórsdóttir úr stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja.

Ellert Scheving, Sigríður Inga Kristmannsdóttir, Bergvin Haraldsson, Krístrún Heiða Þórarinsdóttir Busk, Sólveig Adolfsdóttir og Þór Íseld Vilhjálmsson frá ÍBV Íþróttafélagi, Anna Hulda Ingadóttir frá Fimleikafélaginu Rán, Óskar Guðjón Kjartansson frá KFS, Karl Haraldsson frá Golfklúbbi Vestmannaeyja, Þórey Katla Brynjarsdóttir frá Tennis- og Badmintonfélagi Vestmannaeyja, Ragnheiður Reynisdóttir frá Sundfélagi ÍBV, Þórarinn Björn Steinsson og Sigurbjörn Árnason frá Pílufélagi Vestmannaeyja.

Gestir: Valdimar Leó Friðriksson frá ÍSÍ, Rakel Magnúsdóttir Svæðisskrifstofu Suðurlands, Jóhann Steinar Ingimundarson og Auður Inga Þorsteinsdóttir frá UMFÍ.

- 1. Þingsetning.** Gunnar Páll formaður Íþróttabandalags Vestmannaeyja byrjar á að bjóða þingfulltrúa velkomna á Ársþingið og býður sérstaklega velkomna gestina af fastalandinu þau Valdimar Leó Friðriksson frá ÍSÍ, Rakel Magnúsdóttir svæðisfulltrúa á Suðurlandi, Auði Ingu Þorsteinsdóttur og Jóhann Steinar frá UMFÍ og nefnir að það sé ánægjulegt að sjá þau hér í dag. Hann setur svo þingið og formleg dagskrá hefst.
- 2. Kosning þriggja manna kjörbrefanefnd.** Sólveig Adolfsdóttir, Anna Hulda Ingadóttir og Karl Haraldsson samþykkt í kjörnefnd og biður Gunnar Páll nefndina um að hefja störf.
Kjörnefnd hefur lokið störfum og liggja niðurstöður hennar fyrir. Sólveig Adolfsdóttir kemur í ræðustól og greinir frá niðurstöðum. Frá ÍBV Íþróttafélagi eru 6 fulltrúar mættir, frá Fimleikafélaginu Rán er 1 fulltrúi, frá KFS er 1 fulltrúi, frá Tennis- og badmintonfélagi Vestmannaeyja er 1 fulltrúi, frá Sundfélagi ÍBV 1 fulltrúi og frá Golfklúbbi Vestmannaeyja er 1 fulltrúi.
Enginn fulltrúi mætti frá Blakfélagi Vestmannaeyja, Skotfélagi Vestmannaeyja, Íþróttafélaginu Ægi, Karatefélagi Vestmannaeyja og Korfuboltafélagi ÍBV.
- 3. Kosning þingforseta og ritara** Þingið samþykkir að Jóhann Jónsson verði þingforseti og Arnheiður Pálsdóttir ritari. Jóhann þakkar traustið og fer yfir dagskrá þingsins.
- 4. Skýrsla stjórnar og umræður.** Gunnar Páll les skýrslu stjórnar (sjá ársrit). Samþykkt með öllum atkvæðum.
- 5. Reikningar stjórnar, umræður og atkvæðagreiðsla.** Björn gjaldkeri fer yfir ársreikning stjórnar Íþróttabandalagsins sem er samþykktur samhljóða. Björn þakkar Vigdís Sigurðardóttur fyrir það framlag sem hún leggur bandalaginu í bókhaldaðstöð.
- 6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla.** Skýrslur lagðar fram í ársriti og engar athugasemdir bornar fram og skýrslur félaganna samþykktar.
- 7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja.** Gunnar Páll fer yfir laga-breytingarnar sem höfðu verið lagðar fyrir þingið og fer fram á breytingar varðandi tillögur frá laganefnd ÍSÍ.
2. gr. orðalagi breytt lítillga - samþykkt
4. gr. innsláttarvilla lögud - samþykkt
12. gr. vantar inn c liðin varðandi skoðunarmenn, virðist hafa dottið út frá síðasta Ársþingi - samþykkt
13. gr. orðalagsbreyting - samþykkt
15. gr. Orðalagi breytt og texti felldur út og minnkaður - samþykkt
16. gr. orðalagi breytt - samþykkt
17. gr. engin breyting á texta, texti sett sem ein efnisgrein - samþykkt.
18. gr. fjarlægð - samþykkt.
18. gr. (áður 19. gr.) - samþykkt.
19. gr. (áður 20. gr.) - samþykkt.
20. gr. (áður 21. gr.) - samþykkt.
21. gr. (áður 22. gr.) - samþykkt.
12. gr. (áður 23. gr.) - samþykkt.
- 8. Ræddar tillögur er fyrir liggja.**
- Aðild Íþróttabandalags ÍBV að UMFÍ. Stjórn Í.B.V. hélt formannafund í nóvember sl. og fékk samþykki félaganna að ganga í UMFÍ. Stjórn sendi formlega umsókn til UMFÍ og var hún samþykkt með fyrirvara um samþykki Ársþings ÍBV. Sú tillaga að ÍBV Héraðssamband gangi í UMFÍ var samþykkt samhljóða.
- Umsókn um aðild Handboltá-félags Heimaeyjar (HBH) að Íþróttabandalagi Vestmannaeyja- samþykkt samhljóða.
- Umsókn um aðild Pílufélags að Íþróttabandalagi Vestmannaeyja- samþykkt samhljóða.
- 9. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla** – á ekki við.
- 10. a) Kosinn formaður Íþróttabandalags Vestmannaeyja.** Gunnar Páll Hálfðánsón gefur áfram kost á sér. Samþykkt samhljóða.
b) Kosin stjórn ÍBV, 4 aðilar Samþykkt samhljóða að fyrri stjórn haldi áfram en hana skipa: Arnheiður Pálsdóttir, Björn Matthíasson, Elísa Sigurðardóttir og Helga Sigrún Þórsdóttir.
c) Kosnir tveir skoðunarmenn. Samþykkt samhljóða að Eygló Kristinsdóttir og Guðni Sigurðsson myndu standa sína plikt áfram þar. Sólveig Adolfsdóttir kosin til vara.
d) Kosid í laganefnd. Sólveig Adolfsdóttir og Lilja Arngrímsdóttir ásamt stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja Jóhann Pétursson til vara. Samþykkt samhljóða.
- 11. Ýmis mál**
Valdimar Leó stjórnarmaður hjá ÍSÍ sagði frá því að starfsmenn ÍSÍ væru að undirbúa Ársþing ÍSÍ sem haldið verður um næstu helgi og er hann að bjóða sig fram þar til forseta ÍSÍ ásamt fleirum aðilum. Hann ræddi m.a. styrki sveitarfélaganna, afreksstarf ÍSÍ, Afreksmiðstöð Íslands sem var opnuð í síðustu viku og það góða starf sem Vésteinn Hafsteinsson og hans fólk hefur unnið varðandi hana. Einnig ræddi hann Þjóðarhöllina,

ferðasjóð ÍSÍ og það að lokum fyrir kveðjur frá stjórn og forseta ÍSÍ.

Jóhann Steinar formaður UMFÍ býður okkur velkomin í UMFÍ og var ánægður með umsóknina okkar þar sem við vorum síðasta félagið á landinu að ganga í það. Hann nefnir samstarfsverkefni og að við þurfum að standa saman og þjónusta Íþróttahéruðin vel og hve gott og mikilvægt sé fyrir okkur að vera búin að fá svæðisskrifstofunnar með okkur í lið. Hann minnir á Hvatasjóðinn, búíð er að úthluta úr honum og nýlega var sent á okkur áminning að hægt væri að sækja í sjóðinn að nýju. Einnig ræddi hann að margt sé framundan í starfinu og hversu mikilvægt að taka samtalið og finna tækifærin sem upp koma, sýna frumkvæði og vinna saman að gera góða hluti saman. Hann þakkar að lokum sjálfbóðaliðum fyrir óeigingjarnt starf í þágu Íþróttahreyfingarinnar.

Þór byrjar að óska nýkjörinni stjórn til hamingju og þakkar gestum okkar að koma á þingið. Hann ræðir einnig ferðasjóðinn þar sem hann sat í stjórn þar í mörg ár og nefnir að þar þurfi að gera enn betur. Einnig ræddi hann styrkveitingar frá bænum og hve misjafnir þeir séu eftir sveitarfélögum.

Rakel byrjar á að flytja kveðjur frá Bryndísi Láru en hún gat ekki verið með okkur í kvöld. Rakel segir frá starfi svæðisskrifstofunnar á Suðurlandi og að þær hafi byrjað sinn fyrsta fund hér í Eyjum með Íþróttabandalagi Vestmannaeyja og segir frá frábærum móttökum sem þær hafa upplifað hér hjá okkur og þakkar fyrir það. Hún nefnir líka mikilvægi samstarfs milli svæða og aðila, að góðar hugmyndir sem flæða frá einu svæði til annars og segir frá verkefninu Sjálfbóðaliðinn. Sjálfbóðaliðinn er áfangi sem verður boðið upp á í FÍV í haust og hefur verið kenndur í vetur í FVA á Vesturlandi en þetta er valáfangi sem hefur verið boðið upp á þar og gefur ungmenni eða þeim

áhuga hafa á sjálfbóðastarfi að kynna sér það mikilvæga starf sem sjálfbóðaliðar sinna. Að lokum hvetur Rakel félögin til að nýta sér starfskrafta þeirra áfram á svæðisskrifstofunni og um að gera að vera duglegri að kasta boltum á þær og fá aðstoð og upplýsingar ef eitthvað er.

Gunnar Páll byrjar á að þakka fyrir frábærar ræður á þinginu. Hann ítrekar hve sjálfbóðaliðinn sé okkur mikilvægur og nefnir eðalhjónin Þór og Dollý að þau séu búin að eyða heillri mannsævi í sjálfbóðastarf og erum við óendanlega þakklát fyrir þeirra störf.

AGO - Aðgerðir gegn ofbeldi

Einnig segir hann frá vinnustofunni sem haldin var hér í eyjum í gær sem bar heitið AGO eða aðgerðir gegn ofbeldi í Vestmannaeyjum. Þar var ritað undir samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum í Vestmannaeyjum. Héraðssambandinu ásamt bæjarstjóra, sýslumanni og lögreglustjóra Vestmannaeyja, fulltrúi HSU, FÍV og ÍBV Íþróttafélags skrifuðum öll undir þessa samstarfsyfirlýsingu. Hún felur í sér meðal annars að samstarfsaðilar vinni saman að forvörnum í umdæminu með sameiginlegum áherslum og markmiðum þróuðum út frá svæðisbundnum aðstæðum auk þess að tryggja og þróa grundvöll fyrir áframhaldandi forvarnarsamstarfi aðila. Efla samvinnu við úrlausn mála m.a. samkvæmt farsældarlögum í þágu barna. Þetta verkefni er mjög þarft og gott og eru þessir aðilar sem upp voru taldir ekki teljandi listi yfir þá sem geta lagt verkefninu lið. Því fleiri því betra og hvetur Gunnar Páll öll aðildarfélög til að láta sér málið varða.

Viðbragðsáætlun ÍSÍ

Í ljósi þessarra umræðu hér að ofan þá vill hann einnig ítreka fyrir fundargesti þá verkfærakistu sem ÍSÍ hefur komið á laggirnar. Þessi samræmda viðbragðsáætlun er mjög góð til að mögulega koma í veg fyrir

leiðinleg atvik og leiðbeina starfsfólki, sjálfbóðaliðum og fleirum sem starfa innan Íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar á Íslandi. Þessi áætlun er einnig ætluð til að samræma viðbrögð við hverskonar atvikum sem gætu komið upp svo sem einelti, ofbeldi eða slysum. Þessi viðbragðsáætlun er aðgengileg inni á heimasíðu Íþróttabandalagsins og heimasíðu ÍSÍ og hvetur Gunnar Páll aðildarfélögin til að kynna sér viðbragðsáætlunina vel ásamt því að kynna hana fyrir sínum starfsmönnum.

Sjálfbóðaliðinn og heiðursveitingar

Gunnar Páll ræddi einnig um mikilvægi þess að halda vel utan um sjálfbóðaliða í okkar starfi þar sem starf sjálfbóðaliðans er hryggjarstykkíð í Íþrótt- og æskulýðsstarfi og mikilvægt að við stöndum saman og hlúum að þeim einstaklingum sem leggja aðildarfélögum til krafta sína.

Árlega veitir stjórn Íþróttabandalagsins sjálfbóðaliðum og einstaklingum viðurkenningu fyrir þeirra góðu störf á Íþróttþingi og hvetur Gunnar Páll aðildarfélögin passi upp á að tilnefna sjálfbóðaliða sem hafa lagt sitt að mörkum til ÍBV í mörg ár og fái viðurkenningu fyrir það.

Heiðursmerki IBV úr silfri hafa t.d. verið veitt frá árinu 1970 þeim einstaklingum sem hafa unnið vel og dyggilega fyrir Íþróttahreyfinguna í áratug eða lengur og nýtti Gunnar Páll tækifærið og biður Björn Matthíasson og Helgu Sigrúnu Þórsdóttir til að standa upp og veita silfurmerki IBV viðtöku en þau eru sko sannarlega vel að þessum heiðri komin.

12. Þingslit.

Gunnar Páll þakkar traustið og þakkar aðildarfélögumum kærlega fyrir samstarfið á árinu. Einnig þakkar hann meðstjórnendum sínum fyrir árið og jafnframt þingforseta og ritara fyrir störf sín á þinginu. Að lokum þakkar hann félögum og gestum fyrir komuna og slítur þingi.

Arnheiður Pálsdóttir
ritari Íþróttabandalags Vestmannaeyja



Ársskýrsla - starfsárið 2025

Ársþing Íþróttabandalags Vestmannaeyja fyrir árið 2024 var haldið 29. apríl 2025. Á þinginu var Gunnar Páll Hálfðánsson endurkjörinn formaður fyrir næsta starfsár og aðrir í stjórn kjörin þau Helga Sigrún Þórsdóttir varaformaður, Björn Matthíasson gjaldkeri, Arnheiður Pálsdóttir ritari og Elísa Sigurðardóttir meðstjórnandi. Þau Eygló Kristinsdóttir og Guðni Sigurðsson fengu kosningu sem skoðunarmenn og Sólveig Adolfsdóttir til vara.

Árlegur formannafundur ÍSÍ var haldinn 21. nóvember í golfskála Golfklúbbsins Keynis á Akranesi og var hann vel sóttur. Þar fóru framkvæmdastjóri og formaður yfir liðið ár, fjármál og framtíðarsýn ÍSÍ.

Svæðisskrifstofur voru virkar á árinu og við ásamt HSK og USVS vorum heppin að fá þær Rakel Magnúsdóttir og Bryndísi Láru Hrafnkelsdóttir á skrifstofuna á Suðurlandi. Við áttum nokkra fundi með þeim á árinu og hlökkum við til frekari samstarfs með þeim á komandi árum. Helstu verkefni þeirra fela í sér stuðning við aðildarfélög og samstarf, samskipti við opinbera aðila varðandi stuðning og þjónustu íþróttafélaga, samræmingu mála-flokka, stjórnháttá, verkferla, öryggis- og viðbragðsáætlana ásamt fleiri verkefnum.

Þann 29. ágúst funduðu saman stjórnar-fólk íþróttahéraða á Suðurlandi og framkvæmdarstjóri Héraðssambandsins Skarphéðins ásamt svæðisfulltrúar suðurlands með okkur hér í Eyjum og var þetta í fyrsta sinn sem þessir aðilar fundu öll saman. Var þessi fundur afar vel heppnaður og mikilvægur liður í að auka tengingu á svæðinu.

Þann 14. Nóvember var haldinn samráðsfundur íþróttahéraða og formanna á suðurlandi á Hótel Strakta og var þessi fundur vel sóttur þar sem stjórnir, formenn og framkvæmdarstjórar aðildarfélaga á suðurlandi komu saman og hlustuðu á fyrirlestra, unnu hópavinnu með það að markmiði að greina þarfir og þær áskoranir sem íþróttaheröð á suðurlandi standa frammi fyrir. Var fundurinn mjög vel heppnaður og myndi ég segja að þær tengingar sem mynduðust á þessum fundi vera einn af mikilvægustu niðurstöðunum þar sem við erum jú öll að vinna í sömu málum og þurfa ekki allir að vera að finna upp hjólið hver í sínu horni. Fundurinn sóttu u.þ.b. 50 manns frá íþróttahér-



Gunnar Páll Hálfðánsson, formaður Íþróttabandalags Vestmannaeyja

uðum á Suðurlandi, formenn og framkvæmdastjórnarinnar HSK, ÍBV og USVS. Þar að auki sátu fundinn gestir, sem sumir fluttu erindi. Þar á meðal voru þau Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ. Viljum við í stjórninni þakka þeim stöllum Bryndísi og Rakel kærlega fyrir að skipuleggja og koma þessum fundi á.

Þann 22. janúar var hin árlega viðurkenningar hátíð Í.B.V. haldin í Akóges. Á hátíðinni er lýst kjöri Íþróttamanns Vestmannaeyja, Íþróttamanns æskunnar eldri og yngri og veittar heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Þá veittu nokkur aðildarfélög bandalagsins íþróttamanni sínum viðurkenningu. Íþróttamaður Vestmannaeyja árið 2025 var valinn Alex Freyr Hilmarsson knattspyrnumaður. Íþróttamaður æskunnar eldri var valinn Elís Þór Aðalsteinnsson handknattleiksmaður. Íþróttamaður æskunnar yngri var valin Tanja Harðardóttir handknattleiks- og knattspyrnukona.

Á hátíðinni var Ævari Þórisson veitt sérstök heiðursviðurkenning fyrir mikið og gott starf fyrir íþróttahreyfinguna í Vestmannaeyjum til áratuga. Við þetta tækifæri voru eftirtöldum aðilum veitt silfurmerki Í.B.V., Kristín Valtýsdóttir, Adolf Þórrson, Rúnar Þór Karlsson, Una Þóra Ingimarsdóttir, Svanhildur Eiríksdóttir,

Nataliya Gunzhul, Guðbjörg Helgadóttir og Soffía Baldursdóttir.

Að auki var Jóhannesi Grettissyni einnig sæmdur gullmerki Í.B.V. en allt þetta fólk á langan og farsælan feril í starfi fyrir íþróttahreyfinguna í Vestmannaeyjum þá sér í lagi ótullt sjálfbóðaliðastarf. Á hátíðinni heiðraði Vestmannaeyjabær einnig landsliðsfólk okkar fyrir þátttöku þeirra í landsliðum Íslands.

Starf íþróttahreyfingarinnar í Vestmannaeyjum var kröftugt sem fyrr. Meistaraflokkur kvenna í handknattleik enduðu í 6. sæti Olísdeildarinnar og enduðu sitt tímabil í átta liða úrslitum í úrslitakeppni Olísdeildarinnar þar sem þær þurftu að lúta í lægra haldi gegn sterku liði Hauka. Meistaraflokkur karla í handknattleik átti fínt tímabil þar sem liðið endaði í 6. sæti í Olísdeildinni. Meistaraflokkur karla í handbolta endaði sitt tímabil í átta liða úrslitum íslandsmótsins með því að tapa einvígi gegn spræku liði Aftureldingar.

Meistaraflokkur kvenna tryggði sér sigur í Lengjudeild kvenna og þar með þátttökurétt í Bestu deildinni næsta sumar. Tímabilið var gersamlega frábært hjá stelpunum. Stelpurnar léku 18 leiki, unnu 16, gerðu eitt jafntefli og töpuðu aðeins einum leik. Það má segja að stelpurnar hafi skorað að vild í allt sumar en mörkin voru 78 sem gera 4,3 mörk að meðaltali í leik. Varnaleikur og markvarsla var einnig í hæsta gæðflokki en stelpurnar fengu aðeins á sig 15 mörk sem gera 0,8 mörk að meðaltali í leik. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu lauk leik í Bestu deild, fyrir skiptingu með jafntefli gegn Breiðabliki. Strákarnir enduðu því í neðri hlutanum en voru grátlega nálægt því að koma sér í efri hlutan en aðeins markatala skildi að ÍBV og Fram.

Þá voru TM-og Orkumót félagsins haldin með hefðbundnum hætti og tókust þau með eindæmum vel. Bæði þessi mót eru mjög vel sótt og eru ávallt mikið tilhlökkunarefni hjá þátttakendum og eru þessi mót í farabroddi sumarmóta landsins. Allt skipulag á þessum mótum var til fyrirmyndar og ÍBV íþróttafélagi til sóma nú sem fyrr. ÍBV íþróttafélag starfar sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Fimleikafélagið Rán hefur verið í miklum vexti undanfarin ár og var síðasta ár þar engin undantekning. Fóru hópar frá félaginu á fimm mót á árinu með góðum

árangri þar sem meðal annars hafnaði 2. flokkur í 3. sæti á Bikarmóti í stökkfimi og 3. flokkur lenti í 2. Sæti á haustmóti. Þremur iðkendum frá Rán stóð til boða að fara á hæfileikamótun FSÍ en því miður komst aðeins ein en þetta er frábært tækifæri fyrir þessar flottu stelpur til að æfa með krökkum allstaðar af landinu undir landsliðslþjálfara Íslands sem er frábært. Kristinn Þór Guðlaugsson deildarstjóri hópfimleika hjá Gerplu hefur verið að koma og þjálfar hjá Rán eina helgi á önn og sér hann einnig um eftirfylgni og kemur með hugmyndir af æfingum fyrir þjálfara. Hann kom til Eyja í desember 2025 og gengur það samstarf mjög vel.

Golfklúbbur Vestmannaeyja heldur úti öflugri starfsemi sem fyrr. Golfklúbburinn leggur sig fram um að skila metnaðarfullu barna- og unglingsstarfi og var fyrsta íþróttafélagið í Eyjum til að uppfylla skilyrði sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ og starfar sem slíkt í dag. Á árinu voru 13 mót á vegum GV og voru þau mjög vel sótt enda hvergi betra að spila golf. Fjölmennasta mót ársins var Hjóna og parakeppni Golf Saga en fullskipað var í mótið, alls 196 keppendur. Meistaramót GV var haldið í júlí og Örlygur Helgi Grímsson með sigur í mótinu á nýju mótmeti þegar hann spilaði dagana fjóra á 268 höggi eða 12 höggum undir pari sem er glæsilegt. Er þetta í 16 sinn sem Örlygur verður klúbbmeistari GV og er það einstakt afrek.

Árið 2025 var farsælt og viðburðaríkt í starfi Karatefélags Vestmannaeyja, þar sem uppbygging síðasta árs hélt áfram af krafti og starfsemi styrktist enn frekar. Æfingar barna og ungmenna voru áfram burðarás í starfseminni og mæting og áhugi héldu áfram að aukast. Ljóst er að sú vinna sem lögð hefur verið í yngri flokka er farin að skila sér í sterkari hópi iðkenda.

Á árinu voru haldin beltapróf fyrir yngri iðkendur, sem gengu afar vel. Þátttaka var góð og framfarir greinilegar, sem endurspeglar þann aga og metnað sem ríkir innan félagsins. Áhersla er áfram lögð á grunnildi karate; virðingu, sjálfsaga og líkamlega og andlega hreysti.

Keppnishópur félagsins hélt áfram að vaxa og dafna. Félagið tók þátt í bæði Íslandsmeistaramóti og bikarmótum þar sem iðkendur náðu góðum árangri og unnu til verðlauna. Þá var einnig merkilegt að þjálfarar félagsins tóku þátt í Íslands-

meistaramóti fullorðinna. Þar unnu þeir til alls átta verðlauna; þrjú brons, fjögur silfur og eitt gull. Sá árangur undirstrikar styrk og reynslu innan félagsins og mikilvægi þess að hafa öfluga fyrirmyndahópa fyrir yngri iðkendur.

Með þessum árangri var staðfest að Karatefélag Vestmannaeyja var næst sigursælasta karatefélag Íslands árið 2025, sem er stór áfangi í sögu félagsins og skýr vísending um þá öflugu uppbyggingu sem átt hefur sér stað undanfarin ár.

Tennis- og badmintonfélag Vestmannaeyja stundar sitt góða starf að venju.

Sundfélag ÍBV hélt sínu öfluga starfi áfram og sóttu allir aldursflokkar mót á árinu. Sundfélagið hélt ekki sitt árlega jólasundmót í desember þar sem sundlaug var lokað vegna viðhalds frá október og út árið sem var ekki gott fyrir starfsemina en við höfum fulla trú á að félaginu takist að vinna það til baka.

Lítið sem ekkert starf átti sér stað hjá Körfuboltafélagi ÍBV á árinu og vonandi ná þeir að efla sína starfsemi á ný.

Íþróttafélagið Ægir heldur áfram sínu góða og mikilvæga starfi. Þau byrjuðum árið á því að fara á Íslandsmót í sveitakeppni í Reykjanesbæ þar sem þeirra fólk stóð sig gríðarlega vel. Anton Sigurðsson, Guðni Davíð og Róbert Stefánsson gerðu sér lítið fyrir og lönduðu silfri í sinni deild eftir frábært mót. Hópurinn tók svo þátt í Allar saman leikunum á Selfossi í mars þar sem þau fengu að kynnasst allskonar íþróttgreinum og taka þátt í stuttu móti í hverri grein og heppnaðist það mjög vel.

Keppendur frá Ægi tóku einnig þátt í Íslandsmóti einstaklinga og stóðu þau sig mjög vel og eru þau alltaf til fyrirmyndar bæði innan vallar sem utan.

Skotfélag Vestmannaeyja heldur úti æfingum innanhús yfir vetrartímann og eru þær vel sóttar. Félagið stóð fyrir riðlamóti í Benchrest með 22 kalibera riffli og tókst það mjög vel. Fyrir liggur hjá félaginu að taka næstu skref í innanhús skotfimi og eru það loftskambyssur og laser byssur og er þar megin áherslan á barna og unglingsstarf í þessum greinum.

Blakfélag ÍBV heldur sínu góða starfi áfram en náðu því miður ekki að senda lið á Öldung í þetta skiptið.

KFS heldur úti öflugu starfi en því miður þá féll félagið niður í 5. deild í fyrsta sinn. Félagið stefnir á að stoppa stutt þar og vinna sig upp um deild á komandi tímabili. Gaman er að segja frá því að félagið varð Íslandsmeistari í íslenskum getraunum í öllum deildum fyrst allra frélaga og næst söluhæsta félag landsins.

Snóker og pílufélag Vestmannaeyja hélt úti öflugustarfi á árinu. Félagið sendi nokkra þáttakendur á mót uppá landi og gekk þeim alveg ágætlega. Deildarkeppnin í pólukasti er orðin árlegur viðburður hjá okkur sem er gífurlega vinsæl. Einnig héldum við Vestmannaeyjar Open þar sem um 60 keppendur tóku þátt og margir af fremstu píluspilurum landsins voru meðal keppenda.

Á árinu voru haldnir stjórnarfundir að minnsta kosti mánaðarlega eins og lög félagsins gera ráð fyrir ásamt því að stjórnin var með mjög virk samskipti sín á milli á samskiptamiðlum.

Að venju hvetur stjórnin öll aðildarfélög að yfirfara lög sín og ganga úr skugga um það að þau samræmist lögum Íþrótt- og ólympíusambands Íslands.

Einnig hvetur stjórnin aðildarfélög til að standa saman í áframhaldandi eflingu íþróttahreyfingarinnar í Vestmannaeyjum og búa til vettvang þar sem öll börn samfélagsins geta fundið eitthvað við sitt hæfi og notið sín sama hvar áhugasviðið liggur. Fellur þetta einmitt vel að aðal markmiðum starfsstöðva héraðssambanda um land allt en það er einmitt að auka þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi með sérstaka áherslu á þátttöku fatlaðra barna, barna af tekjulægri heimilum og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Hvetjum við öll aðildarfélög að vera virk og frjó í hugsun og nýta sér krafta svæðisskrifstofunnar til að ná þessu markmiði.

Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja þakkar aðildarfélögum fyrir gott samstarf á árinu og þakkar einnig styrktaraðilum veittan stuðning. Stjórnin vill að lokum þakka sérstaklega öllum þeim sjálfbodaliðum sem starfa innan aðildarfélaga bandalagsins og gera það að verkum að íþróttastarf í Vestmannaeyjum er eins öflugt og raun ber vitni.

F.h. Íþróttabandalags Vestmannaeyja
Gunnar Páll Hálfánsson,
formaður

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Lottótekjur		9.087.983	6.597.652
Útbreiðslustyrkir ÍSÍ		0	354.061
Íslenskar getraunir		9.499.035	5.168.707
Rekstrar og afreksstyrkir frá Vestmannaeyjabæ		14.355.000	13.870.000
Tekjur samtals		32.942.018	25.990.420
Hlutur aðildarfélag í lottótekjum		12.928.698	8.522.246
Rekstrarstyrkir og afreksstyrkir til aðildafélag		18.601.000	14.700.000
Viðurkenningarhátið bandalagsins		146.377	351.388
Heimasíða Íþróttabandalags Vestmannaeyja		155.931	148.656
Rekstur Sportabler		1.189.280	1.148.148
Námskeið		120.000	100.000
Árshátíð og fleirra vegna stjórnar		361.954	130.854
Ýmislegt		174.685	67.161
Kostnaður samtals		33.677.925	25.168.453
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur		(735.907)	821.967
Fjármunatekjur		265.966	351.691
Fjármagnsgjöld		(2.442)	(665)
Hagnaður/(tap) ársins		(472.383)	1.172.993

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Landsbanki Íslands nr 379		24.368.857	18.459.465
Landsbanki Íslands nr 250280		1.977.915	5.792.229
Óinnkomnar tekjur v/lottó og útbreyðslustyrkur		575.947	422.231
Óinnheimtur styrkur frá íslenskum getraunum		9.499.035	5.168.707
Eignir		36.421.754	29.842.632
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé 1/1		14.575.270	13.402.277
Hagnaður/tap ársins		(472.383)	1.172.993
Eigið fé		14.102.887	14.575.270
Skuldir			
Ógreitt Lottó til aðildarfélaga Íþróttabandalagsins		5.267.867	2.964.362
Ógreiddir styrkir til aðildarfélaga Íþróttabandalagsins		17.051.000	12.303.000
Skuldir		22.318.867	15.267.362
Eigið fé og skuldir		36.421.754	29.842.632

Við undirrituð skodunnarmenn Íþróttabandalags Vestmannaeyja höfum skodad reikninga félagsins fyrir árið 2025 og ekkert fundið athugað

Gæmi Sigmundsson

Óygló Kristinsd.

Reglugerð Barna- og unglingsjóðs ÍBV héraðssambands

1. grein - Sjóðurinn heitir Barna- og unglingsjóður ÍBV héraðssambands og er í vörslu stjórnar. Stjórn ÍBV hefur umsjón með úthlutun úr sjóðnum skv. reglugerð þessari.

2. grein - Sjóðurinn veitir árlega styrki til aðildarfélaga skv. samþykktum vinnureglum.

3. grein - Markmið sjóðsins er:

- Að styrkja aðildarfélög til að halda uppi öflugu íþróttta-, félags- og ungmennastarfi, í þágu iðkenda á aldrinum 3-18 ára.
- Að stuðla að ráðningu menntaðra og hæfra þjálfara hjá aðildarfélögum.
- Að tryggja rekstrargrundvöll smærri aðildarfélaga.
- Að stuðla að gegnsæju og virku utanumhaldi yngri flokka aðildarfélaga í samræmi við lög og stefnu ÍBV.

4. grein - Úr sjóðnum skal úthlutað að fullu því fjármagni sem bæjarsjóður greiðir í hann. Úthlutun skal fara fram eigi síðar en 7 dögum eftir ársþing.

5. grein - Stjórn metur og úthlutar styrkjum úr sjóðnum skv. reglum um skiptingu tekna frá Íslenskri getsþá. Félög sem ekki bjóða upp á þjálfun barna á aldrinum 3-18 ára eru ekki styrkhæf.

6. grein - Einungis félög sem hafa starfað og skilað hafa ársreikningum og félagatali næstu 3 ár á undan eiga rétt á styrkveitingu úr sjóðnum.

- 7. grein** - Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:
- Árlegt framlag bæjarsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun.
 - Frjáls framlög.
 - Vaxtatekjur.

8. grein - Umsóknarfrestur félaga er 6. janúar ár hvert. Umsóknareyðublöð skulu send fulltrúum stjórnar hvers aðildarfélags eigi síðar en 15. desember á undan. Eyðublöðin skulu einnig vera tiltæk á heimasíðu ÍBV frá sama degi.

9. grein - Stjórn skal leggja fram tillögu á formannafundi um úthlutun úr sjóðnum eigi síðar en 15. apríl hverju sinni. Skal fundurinn boðaður með a.m.k. 7 daga fyrirvara. 3/4 hluti fundarmanna þarf að samþykkja tillögu stjórnar svo hún teljist samþykkt.

10. grein - Stjórn skal birta uppgjör sjóðsins auk greinagerðar árlega á ársþingi sambandsins.

11. grein - Reglugerð þessi tekur gildi þegar þing hefur staðfest hana.

*Samþykkt á fundi formanna
þann 07.11.2013*

Reglugerð Íþróttasjóðs ÍBV héraðssambands

1. grein - Sjóðurinn heitir Íþróttasjóður ÍBV héraðssambands og er í vörslu stjórnar. Stjórn ÍBV hefur umsjón með úthlutun úr sjóðnum skv. reglugerð þessari.

2. grein - Sjóðurinn veitir styrki og viðurkenningar skv. vinnureglum sem skulu endurskoðaðar á þingi sambandsins ár hvert.

3. grein - Markmið sjóðsins er:

- að styrkja aðildarfélög til að halda uppi öflugu íþróttta-, félags- og ungmennastarfi, m.a. til að stuðla að:
 - Aukinni fræðslu iðkenda, þjálfara og félagsmanna og auknu samráði aðildarfélaga í þeim efnum.
 - Því að aðildarfélög fái viðurkenningu ÍSÍ um fyrirmyndarfélag.
 - Þátttöku aðildarfélaga að heilsutengdum viðburðum í þágu íbúa Vestmannaeyjabæjar, með það að markmiði að auka þátttöku íbúa í hvers konar starfi félagsins.
 - Nauðsynlegum breytingum á starfi aðildarfélaga í samræmi við gildandi íþróttastefnu Vestmannaeyjabæjar.
- að veita félögum afreksstyrki vegna framúrskarandi árangurs hópa og einstaklinga í keppni á vegum sérsambanda.
- að veita einstökum afreksmönnum innan aðildarfélaga viðurkenningu og fjárstuðning til að auðvelda þeim æfingar og þátttöku í mikilvægum keppnum.

4. grein - Tímabil úthlutunar skal vera frá 1. janúar – 31. desember

5. grein - Stjórn metur og úthlutar styrkjum úr sjóðnum skv. vinnureglum sjóðsins.

6. grein - Umsóknarfrestur félaga vegna afreksstyrkja er til 15. desember ár hvert. Umsóknareyðublöð skulu send fulltrúum stjórnar hvers aðildarfélags eigi síðar en 1. nóvember. Eyðublöðin skulu einnig vera tiltæk á heimasíðu ÍBV frá sama degi.

7. grein - Stjórn er heimilt að auglýsa eftir umsóknum um aðra styrki en afreksstyrki, en getur einnig veitt styrki og viðurkenningar á umsókna. (sjá nánar í vinnureglum sjóðsins).

8. grein - Stjórna er heimilt að úthluta eftir reglum um rekstrarstyrki félaga. Skal það gert að loknu tímabili skv. 4. grein.

9. grein - A.M.K. 80% af upphæð styrks skal úthlutað á tímabili skv. 4. grein.

10. grein - Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- Árlegt framlag bæjarsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Frjáls framlög.
- Vaxtatekjur.

11. grein - Stjórn skal birta uppgjör sjóðsins auk greinagerðar árlega á ársþingi sambandsins.

12. grein - Reglugerð þessi tekur gildi þegar þing hefur staðfest hana.

*Samþykkt á fundi formanna
þann 07.11.2013*



Úthlutun rekstrarstyrkja úr Barna- og unglingsjóði vegna 2025

Úthlutun Vestmannaeyjabæjar í rekstrarstyrki fyrir árið 2025: **10.350.000 kr.**

Úthlutun á rekstrarstyrkjum miðast við iðkenda fjölda hvers aðildarfélags Íþróttabandalagsins 18 ár og yngri.

Rekstrarstyrkir v/2025

Heildarfj.	Iðkendur	ÍBV ípr.fél.	Golfklúbbur	Rán	KFS	Ægir
Iðkendur	úthlutun	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur
1.319	100%	665	160	336	0	50
	100%	50,42%	12,13%	25,47%	0,00%	3,79%
10.350.000	10.350.000	5.218.158	1.255.497	2.636.543	0	392.343

Blak	ÍBV sund	ÍBV karfa	Karatefél.	Skotfélag VM	Tennis- & badm.
Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur
0	92	0	14	2	0
0,00%	6,97%	0,00%	1,06%	0,15%	0,00%
0	721.911	0	109.856	15.694	0

Úthlutun í Íþróttasjóði vegna 2025

(greiðist út á Viðurkenningahátíðinni) (Hækkun milli ára 0.61%)

Heildarstyrkuppþæð Vestmannaeyjabæjar: **4.005.000 kr.**

ÍBV íþróttarfélag

Unnin afrek á árinu	Úthlutunarreglur	Krónur
M.fl. KvK - fótbolti	Íslandsmeistarar hópa (20%)	801.000
6. Fl. kk, eldra ár í handbolta - Íslandsmeistarar	Sérúthlutun v/aldurs skv. reglum	100.000
3. Fl. kvk í handbolta 2.sæti	Sérúthlutun v/aldurs skv. reglum	75.000
5. Fl. kvk eldra ár í handbolta 3.sæti	Sérúthlutun v/aldurs skv. reglum	50.000
3. FL. kk í handbolta - undanúrslit	Sérúthlutun v/aldurs skv. reglum	25.000
4. fl kvk í fótbolta - undanúrslit	Sérúthlutun v/aldurs skv. reglum	25.000
5. fl kk í fótbolta - undanúrslit	2. sæti í Íslandsmóti hópa (10%)	25.000
6. Fl. Kk eldra ár í handbolta - bikarmeistarar	Sérúthlutun v/aldurs skv. reglum	100.000
Handbolti 18 einstaklingar	Þátttaka í landsliðum (kr. 20.000)	360.000
Fótbolti 7 einstaklingar	Þátttaka í landsliðum (kr. 20.000)	140.000
		1.701.000 kr.



Lottógreiðslu vegna 2025

Iðkendur

1. júní 2004 tók gildi ný úthlutunarregla: Íþróttabandalagið fær 10% af óskiptu lottói, 30% skiptast jafnt milli aðildarfélaganna (ÍBV 4 deildir) og 60% fara til félaganna í samræmi við fjölda iðkenda 18 ára og yngri - Hvert aðildarfélag þarf að hafa verið 3 ár í Íþróttabandalaginu til að eiga rétt á úthlutun. Íþróttafélagið Ægir fái úthlutað miðað við 50 iðkendur ár hvert, - ekki miðað við raun-iðkenda fjölda

	Heildargr. til ÍBV 100,00%	Hluttur éraðssam 10,00%	Jöfn úthlutun 30,00%	Skipting iðkenda fj. 60,00%	Deilitala 1404 100,00%
Innb. Lotto janúar	432.370	43.237	129.711	259.422	1404
Innb. Lottó febrúar	441.081	44.108	132.324	264.649	1404
Innb. Lottó mars	596.092	59.609	178.828	357.655	1404
Innb. Lottó apríl	511.815	51.182	153.545	307.089	1404
Innb. Lottó maí	685.393	68.539	205.618	411.236	1404
Innb. Lottó júní	578.028	57.803	173.408	346.817	1404
Innb. Lottó júlí	613.049	61.305	183.915	367.829	1404
Innb. Lottó ágúst	684.216	68.422	205.265	410.530	1404
Innb. Lotto sept.	715.875	71.588	214.763	429.525	1404
Innb. Lotto okt.	922.238	92.224	276.671	553.343	1404
Innb. Lotto nóv.	814.157	81.416	244.247	488.494	1404
Innb. Lotto des.	575.947	57.595	172.784	345.568	1404
Ósöttir vinningar		0	0	0	1404
Auka greiðsla	1.517.722	151.772	455.317	910.633	1404
Auka greiðsla		0	0	0	1404
Samtals kr.	9.087.983	908.798	2.726.395	5.452.790	

Iðkenda fjöldi barna og unglinga, 18 ára og yngri, innan Íþróttabandalags Vestmannaeyja

ÍBV íþr.fél.	Golfkl.	Rán	Blak	Ægir	Sundfél.	Í.V	KFS	Karate	T. & B.	Skotfélag	Samtals
0-18 ára 771	0-18 ára 133	0-18 ára 322	0-18 ára 0	0-18 ára 50	0-18 ára 126	0-18 ára 0	0-18 ára 0	0-18 ára 0	0-18 ára 0	0-18 ára 2	0-18 ára 1.404
54,91%	9,47%	22,93%	0,00%	3,56%	8,97%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,14%	100,00%
Alls 771	Alls 133	Alls 322	Alls 0	Alls 50	Alls 126	Alls 0	Alls 0	Alls 0	Alls 0	Alls 2	Samtals 1.404
54,91%	9,47%	22,93%	0,00%	3,56%	8,97%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,14%	100,00%
179.521	33.840	68.762	9.265	18.504	32.547	9.265	9.265	9.265	9.265	9.635	432.370
183.137	34.522	70.147	9.452	18.877	33.202	9.452	9.452	9.452	9.452	9.829	441.081
247.498	46.654	94.800	12.773	25.510	44.871	12.773	12.773	12.773	12.773	13.283	596.092
212.506	40.058	81.397	10.967	21.904	38.527	10.967	10.967	10.967	10.967	11.405	511.815
284.576	53.643	109.002	14.687	29.332	51.593	14.687	14.687	14.687	14.687	15.273	685.393
239.998	45.240	91.927	12.386	24.737	43.511	12.386	12.386	12.386	12.386	12.880	578.028
254.539	47.981	97.496	13.137	26.236	46.147	13.137	13.137	13.137	13.137	13.661	613.049
284.087	53.551	108.815	14.662	29.282	51.504	14.662	14.662	14.662	14.662	15.247	684.216
297.232	56.029	113.849	15.340	30.637	53.887	15.340	15.340	15.340	15.340	15.952	715.875
382.915	72.180	146.668	19.762	39.468	69.421	19.762	19.762	19.762	19.762	20.550	922.238
338.039	63.721	129.480	17.446	34.843	61.285	17.446	17.446	17.446	17.446	18.142	814.157
239.134	45.077	91.596	12.342	24.648	43.354	12.342	12.342	12.342	12.342	12.834	575.947
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
630.160	118.786	241.372	32.523	64.953	114.246	32.523	32.523	32.523	32.523	33.820	1.517.722
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
3.773.344	711.282	1.445.311	194.742	388.930	684.095	194.742	194.742	194.742	194.742	202.510	9.087.983

Sérstakur styrkur vegna íslenskra getrauna

	ÍBV íþr.fél.	Golfkl.	Sundfél.	Í.V	KFS	Samtals
Deilitala	7.679.685	18.694	136.110	6.019	15.394.015	23.234.523
	33,05%	0,08%	0,59%	0,03%	66,25%	100,00%
Greiðsla		Hluttur	Skipting	Deilitala		
Íslenskar getraunir	Héraðssamb.	Aðildarfélög	23.234.523	7.679.685	18.694	136.110
	100,00%	50,00%	50,00%	33,05%	0,08%	0,59%
Styrkur	9.499.035	4.749.518	4.749.518	23.234.523	1.569.854	3.821
Samtals kr.	9.499.035	4.749.518	4.749.518		1.569.854	3.821
					27.823	1.230
					3.146.789	4.749.518



Lög Íþróttabandalags Vestmannaeyja

Samþykkt á ársþingi 13. maí 2025

I. kafli

TILGANGUR OG MARKMIÐ

1. gr.

Íþróttabandalag Vestmannaeyja (skammstafað ÍBV) er héraðssamband íþróttafélaga í Vestmannaeyjum. Það var stofnað 6. maí 1945.

2. gr.

Tilgangur ÍBV er:

- Að efla, samræma og styðja við íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum í samræmi við íþróttalög og lög og reglur ÍSÍ.
- Að hafa forystu í sameiginlegum félagsmálum og efla samvinnu íþróttaiðkenda í Vestmannaeyjum, svo og vera sameiginlegur fulltrúi félaganna utan héraðs.
- Að vinna að framkvæmdum sem miða að því að efla íþróttaiðkun innan héraðsins m.a. með umsögnum um íþróttamál og aðkomu að ákvörðunum um opinber fjárframlög til íþróttar, byggingu eða endurbótum íþróttamannvirkja í Vestmannaeyjum og skipulagningu íþróttasvæða.
- Að varðveita og skipta á milli aðildarfélaganna þeim fjármunum sem ÍBV hefur yfir að ráða eða er falið að ráðstafa.
- Að styðja við starfsemi aðildarfélaga og að þau starfi samkvæmt gildandi lögum viðkomandi félags og íþróttahreyfingarinnar í heild samanber lög ÍSÍ.
- Að staðfesta lög aðildarfélaga, halda utan um staðfest lög þeirra og skila yfirliti til ÍSÍ yfir þau í lok hvers árs.
- Að annast skýrslugerðir um íþróttamál í héraðinu.
- Að stuðla að fræðslu og bættri lýðheilsu meðal íþróttaiðkenda og íbúa í héraði.
- Að hafa yfirumsjón með héraðsmótum innan héraðsins.

II. kafli

RÉTTINDI OG SKYLDUR BANDALAGSFÉLAGANNA

3. gr.

Öll félög í Vestmannaeyjum sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni, hafa rétt til að gerast aðilar að Íþróttabandalagi Vestmannaeyja, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma gilda um frjálsa íþróttastarfsemi samkvæmt lögum og skilgreiningu ÍSÍ.

4. gr.

Óski félag að ganga í ÍBV, sendir það stjórn ÍBV umsókn sína, ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

5. gr.

Aðildarfélag ÍBV skulu senda ársskýrslu og samþykkt ársreikninga til stjórnar ÍBV fyrir lok mars ár hvert.

6. gr.

Félag, sem ekki hefur sent ársskýrslu sína fyrir ársþing missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBV. Líði ár án þess að félagið geri skil á skýrslum skal ársþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr ÍBV.

7. gr.

Víkja má félagi úr ÍBV um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög um íþróttamál, sem og lög, reglur og ákvæði innan ÍBV og ÍSÍ.

8. gr.

Félag sem misst hefur réttindi vegna lögbrota eða vanskila getur ekki öðlast þau aftur fyrir en það hefur fullnægt settum refsákvæðum eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil.

9. gr.

Sérhvert félag innan ÍBV á rétt á að senda fulltrúa á ársþing bandalagsins. Skal tala fulltrúa félaganna miðuð við tölu félagsmanna þannig, að félög með 50 félagsmenn eða færri hljóti 1 fulltrúa, en síðan komi 1 fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn þar fram yfir. Stjórnir félaga skulu útfylla kjörbréf fyrir fulltrúa sína á eyðublað, sem ÍBV leggur til og sjá um að það hafi borist stjórn bandalagsins fyrir þingsetningu.

III. kafli

ÁRSÞING ÍBV

10. gr.

Ársþing ÍBV er fulltrúaþing. Það skal haldið árlega á tímabilinu 15. apríl til 15. maí. Boða skal þingið, með sannanlegum hætti með minnst mánaðar fyrirvara. Eigi síðar en 10 dögum fyrir ársþing skal senda aðilum dagskrá þingsins, upplýsingar um það hve marga fulltrúa aðildarfélagin eiga rétt á, reikninga, tillögur sem borist hafa, ásamt þeim tillögum sem stjórn bandalagsins hyggst leggja fyrir þingið. Framlagning gagna fyrir og á ársþingi má vera á rafrænu formi, verði því við komið. Tillögur sem óskast teknar fyrir á ársþingi, skulu hafa borist stjórn bandalagsins tveimur vikum fyrir þingsetningu.

11. gr.

Rétt til setu á ársþingi ÍBV eiga allir fulltrúar aðildarfélaga bandalagsins samkvæmt 10. gr. Einnig hafa eftirtaldir aðilar rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti;

- Stjórn og varastjórn ÍBV
- Fulltrúi framkvæmdarstjórnar ÍSÍ
- Fulltrúi ráðuneytis um íþróttamál
- Fulltrúi bæjaryfirvalda Vestmannaeyjabæjar

12. gr.

Verkefni ársþingsins eru:

1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
3. Kosning þingforseta og ritara
4. Skýrsla stjórnar og umræður
5. Reikningar ÍBV, umræður og atkvæðagreiðsla
6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja
8. Ræddar tillögur er fyrir liggja - Þinghlé -
9. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla
10. Kosningar
 - a) Kosinn formaður ÍBV
 - b) Kosin stjórn ÍBV, 4 aðilar.
 - c) Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara.
 - d) Kosið í laganevnd, tveir fulltrúar og einn til vara.
 - e) Kosið í aðrar nefndir ef tillögur hafa borist.
11. Önnur mál
12. Þingslit

Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar, skal vísa til nefnda og starfa þær á þinginu. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar nema ef ekki eru fleiri tilnefndir heldur en kjósa á. Þá eru þeir sjálfkjörnir án atkvæðagreiðslu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Á þinginu er heimilt að flytja erindi eftir því sem aðstæður leyfa og stjórn ÍBV telur við hæfi.

13. gr.

Aukaþing skal halda, ef meirihluti stjórnar ÍBV telur þörf á eða ef tilmæli koma um það samkvæmt fundarsamþykkt frá meirihluta fulltrúa aðildarféлага bandalagsins. Einnig skal halda aukaþing ef ÍSÍ sem ÍBV er aðili að mælist til þess. Boða skal til aukaþings með sannarlegum hætti með tveggja vikna fyrirvara. Aðildarfélög bandalagsins hafa sömu fulltrúa og á næsta ársþingi á undan, sbr. 10. gr. síðustu málsgreinar.

Þetta er starf aukaþings:

1. Þingsetning
2. Kosnir þingforseti og þingritari.
3. Tekin til meðferðar mál þau sem gefið hafa tilefni til aukaþings og tilkynnt voru með þingboðinu.
4. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir sbr. 15. gr.
5. Þingslit

Á aukaþingi ÍBV má ekki gera breytingar á lögum eða reglum ÍBV né kjósa í stjórn þess nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Kjósa má fulltrúa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraði.

14. gr.

Í málum þeim, sem tilkynnt hafa verið í þingboði til ársþings eða aukaþings, ræður einfaldur meirihluti úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta atkvæða fundarmanna til að samþykkja lagabreytingar. Um þau mál sem ekki koma fram fyrir en á viðkomandi þingi þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að þau verði tekin á dagskrá og 4/5 hluta til þess að þau hljóti fulla afgreiðslu.

15. gr.

Fulltrúar aðildarféлага ÍBV skv. 9 grein hafa einir atkvæðisrétt á þingum ÍBV. Enginn fulltrúi má fara með meira en eitt atkvæði.

IV. kafli STJÓRN ÍBV OG STARFSSVIÐ

16. gr.

ÍBV stjórn þeir fulltrúar sem til þess hafa verið kjörnir í stjórn bandalagsins á ársþingi ÍBV til eins árs í senn. Fimm eru í stjórn bandalagsins og skal formaður kjörinn sérstaklega, sbr. 12. gr. Stjórn skiptir með sér verkum.

17. gr.

Stjórn ÍBV skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess. Stjórninni skal heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda, til þess að sjá um og framkvæma viss mál bandalagsins. Formaður skal kalla saman stjórnarfundi eftir þörfum. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarinnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglum. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði verða jöfn. Valnefnd skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarfélagi ÍBV og formanni Íþróttabandalags Vestmannaeyja, sem skal vera formaður nefndarinnar og kalla valnefnd saman til fundar. Hlutverk valnefndar er að kjósa um íþróttamann Vestmannaeyja, íþróttamann æskunnar eldri og yngri eftir tilnefningu aðildarfélaganna.

18. gr.

Að loknu ársþingi gefur formaður ÍBV út skírteini handa stjórninni er gilda næsta starfstímabil og veita henni ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum á bandalagssvæðinu.

19. gr.

Dómstólar ÍSÍ hafa lögsögu í málefnum ÍBV í samræmi við ákvæði laga ÍSÍ.

20. gr.

Ákvörðun um slit bandalagsins skal taka á ársþingi og þarf slík tillaga að vera auglýst samhliða fundarboði. Það þarf 2/3 hluta atkvæða til að samþykkja slit bandalagsins og skulu eignir bandalagsins renna til íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum sem nánar skal ákveðið á slitafundi.

21. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum gilda eftir því sem við á ákvæði laga ÍSÍ.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdarstjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.



Íþróttamaður Vestmannaeyja

Byrjað var að tilnefna Íþróttamann Vestmannaeyja árið 1978. Sá Rótarýklúbbur Vestmannaeyja um valið til ársins 1982. Þá tók Íþróttabandalag Vestmannaeyja við valinu og viðhafði kosningu meðal bæjarbúa. En frá árinu 1986 hefur valið verið í höndum sérstakrar valnefndar, sem kjörin hefur verið á árþingum Íþróttabandalagsins.

1978	Óskar Sigurpálsson, lyftingamaður	2002	Vigdís Sigurðardóttir, handknattleikskona
1979	Gunnar Steingrímsson, lyftingamaður	2003	Ingibjörg Jónsdóttir, handknattleikskona
1980	Páll Pálmason, knattspyrnumaður	2004	Margrét Viðarsdóttir, knattspyrnukona
1981	Sigmar Þröstur Óskarsson, handknattleiksmaður	2005	Örlygur Helgi Grímsson, kylfingur
1982	Sigfríð Björgvinsdóttir, sundkona	2006	Sæþór Ólafur Pétursson, hnefaleikamaður
1983	Gylfi Garðarsson, kylfingur	2007	Sigurður Bragason, handknattleiksmaður
1984	Árni Sigurðsson, sundmaður	2008	Andri Ólafsson, knattspyrnumaður
1985	Þorsteinn Gunnarsson, knattspyrnumaður	2009	Þórhildur Ólafsdóttir, knattspyrnukona
1986	Birgir Ágústsson, kylfingur	2010	Þórarinn Ingi Valdimarsson, knattspyrnumaður
1987	Sindri Óskarsson, kylfingur	2011	Tryggvi Guðmundsson, knattspyrnumaður
1988	Nökkvi Sveinsson, knattspyrnumaður	2012	Elísa Viðarsdóttir, knattspyrnukona
1989	Sigurður Gunnarsson, handknattleiksmaður	2013	Theodór Sigurbjörnsson, handknattleiksmaður
1990	Logi Jes Kristjánsson, sundmaður	2014	Grétar Þór Eyþórsson, handknattleiksmaður
1991	Sigmar Þröstur Óskarsson, handknattleiksmaður	2015	Theodór Sigurbjörnsson, handknattleiksmaður
1992	Þorsteinn Hallgrímsson, kylfingur	2016	Sigríður Lára Garðarsdóttir, knattspyrnukona
1993	Þorsteinn Hallgrímsson, kylfingur	2017	Sigríður Lára Garðarsdóttir, knattspyrnukona
1994	Andrea Elín Atladóttir, handknattleikskona	2018	Ester Óskarsdóttir, handknattleikskona
1995	Logi Jes Kristjánsson, sundmaður	2019	Kári Kristján Kristjánsson, handknattleiksmaður
1996	Logi Jes Kristjánsson, sundmaður	2020	Hinn almenni íþróttaiðkandi í Vestmannaeyjum.
1997	Hlynur Stefánsson, knattspyrnumaður	2021	Sunna Jónsdóttir, handknattleikskona
1998	Hlynur Stefánsson, knattspyrnumaður	2022	Eiður Aron Sigurbjörnsson, knattspyrnumaður
1999	Birkir Kristinsson, knattspyrnumaður	2023	Arnór Viðarsson, handknattleiksmaður
2000	Ingibjörg Jónsdóttir, handknattleikskona	2024	Oliver Heiðarsson, knattspyrnumaður
2001	Íris Sæmundsdóttir, knattspyrnukona	2025	Alex Freyr Hilmarsson, knattspyrnumaður

Íþróttamaður æskunnar

Ársþing Íþróttabandalags Vestmannaeyja, haldið 8. maí 2003, samþykkti að taka upp sérstaka viðurkenningu, og sá er hana hlyti, fengi nafnbótina Íþróttamaður æskunnar. Skal sama valnefnd og sér um val á Íþróttamanni Vestmannaeyja, sjá um þá viðurkenningu. Skal miða aldur Íþróttamanns æskunnar við 14 ára til og með 18 ára.

2003	Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona	2019	Helena Jónsdóttir, handknattleiks- og knattspyrnukona (12-15 ára)
2004	Tanja Björg Sigurjónsdóttir, fimleikakona	2019	Clara Sigurðardóttir, knattspyrnukona (16-19 ára)
2005	Ester Óskarsdóttir, handknattleikskona	2019	Kristófer Tjörvi Einarsson, golfari (16-19 ára)
2006	Kristrún Hlynsdóttir, fimleikakona	2020	Hinn almenni íþróttaiðkandi í Vestmannaeyjum.
2007	Arnór Eyvar Ólafsson, knattspyrnumaður	2021	Andri Erlingsson, golfari, handknattleiks og knattspyrnumaður (12-15 ára)
2008	Hallgrímur Júlíusson, golfari	2021	Elísa Elíasdóttir, handknattleikskona (16-19 ára)
2009	Sigríður Lára Garðarsdóttir, knattspyrnu- og handknattleikskona og golfari	2022	Birna María Unnarsdóttir (aldursflokkur 12-15 ára)
2010	Óskar Elías Zoega Óskarsson, knattspyrnumaður	2022	Elmar Erlingsson (aldursflokkur 16-19 ára)
2011	Svava Tara Ólafsdóttir, knattspyrnukona	2023	Agnes Lilja Styrmissdóttir (aldursflokkur 12-15 ára)
2012	Gunnar Karl Haraldsson, bocciamaður	2023	Elísa Elíasdóttir (aldursflokkur 16-19 ára)
2013	Díana Dögg Magnúsdóttir, handknattleiks- og knattspyrnukona	2024	Kristín Klara Óskarsdóttir, handknattleiks og knattspyrnukona (aldursflokkur 12-15 ára)
2014	Dagur Arnarsson, handknattleiksmaður	2024	Andri Erlingsson, handknattleiksmaður (aldursflokkur 16-19 ára)
2014	Sabrína Lind Adolfsdóttir, knattspyrnukona	2025	Tanja Harðardóttir, handknattleiks og knattspyrnukona (aldursflokkur 12-15 ára)
2015	Hákon Daði Styrmisson, handknattleiksmaður		Elís Þór Aðalsteinsson, handknattleiksmaður (aldursflokkur 16-19 ára)
2016	Felix Örn Friðriksson, knattspyrnumaður		
2017	Clara Sigurðardóttir, knattspyrnukona (12-15 ára)		
2017	Arnar Júlíusson, karate (16-19 ára)		
2017	Sandra Erlingsdóttir, handknattleikskona (16-19 ára)		
2018	Sigurður Arnar Magnússon (aldursflokkur 16-19 ára)		



Reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga Íþróttabandalags Vestmannaeyja

1. grein

Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja skal veita þeim sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum heiðursviðurkenningu eftir því sem segir í reglugerð þessari

2. grein

Heiðursviðurkenningarnar eru þessar:

1. Heiðurskross ÍBV úr gulli
2. Heiðursmerki ÍBV úr gulli
3. Heiðursmerki ÍBV úr silfri
4. Bandalagsmerki ÍBV
5. Starfsmerki ÍBV

3. grein

Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja gerir tillögu um veitingu heiðursviðurkenninga og skal hún samþykkt af 4/5 hluta stjórnar. Heiðursviðurkenningar skulu einungis afhentar á ársþingi ÍBV eða við hátíðleg tækifæri.

4. grein

Heiðurskross ÍBV úr gulli er æðsta heiðursviðurkenning Íþróttabandalags Vestmannaeyja, sem veitist einungis undir sérstökum kringumstæðum og þá helst ekki öðrum en þeim sem áður hafa hlotið heiðursmerki ÍBV úr gulli eða silfri.

5. grein

Heiðursmerki ÍBV úr gulli er næst æðsta heiðursviðurkenning Íþróttabandalags Vestmannaeyja.

Við veitingu gullmerki ÍBV skal tekið mið af því að sá sem veita á merkið hafi áður verið veitt silfurmerki ÍBV og hafi staðið í forystusveit íþróttamála í Vestmannaeyjum og unnið þeim vel og dyggilega.

6. grein

Heiðursmerki ÍBV úr silfri skal einungis veita þeim sem unnið hafa vel og dyggilega fyrir íþróttahreyfinguna í áratug eða lengur.

7. grein

Bandalagsmerki ÍBV má veita öllum sem starfað hafa vel fyrir bandalagið svo og þeim sem stjórn ÍBV telur ástæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd íþróttamálum.

8. grein

Starfsmerki ÍBV skal veita þeim sem unnið hafa íþróttaaufrek á vegum ÍBV, skarað fram úr eða unnið landsmót undir nafni ÍBV. Stjórnir aðildarféлага ÍBV og ráða innan ÍBV skulu gera tillögur til stjórnar ÍBV um hverjum skuli veitt merkið. Merkið má aðeins veita einu sinni.

9. grein

Heimilt er með samþykkt allra stjórnarmanna ÍBV að veita mönnum utan Vestmannaeyja viðurkenningar er um getur í reglugerð þessari, ef viðkomandi hefur að mati stjórnar unnið ómetanleg störf fyrir Íþróttabandalag Vestmannaeyja eða íþróttamál í Vestmannaeyjum.

10. grein

Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja skal halda gerðabók þar sem skrá skal handhafa heiðursviðurkenninga ÍBV.

11. grein

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar ÍBV hafa einir rétt til þess að bera þær og er óheimilt að láta þær af hendi.

12. grein

Reglugerð þessari verður einungis breytt á ársþingi Íþróttabandalags Vestmannaeyja.

13. grein

Reglugerð öðlast þegar gildi. Þannig samþykkt á ársþingi Íþróttabandalags Vestmannaeyja haldið 15. og 29. desember 1990.

Heiðursveitingar

Silfurmerki:

1970 Magnús H. Magnússon	1998 Ólöf A. Elíasdóttir	2008 Tryggvi Már Sæmundsson
1970 Sigurgeir Kristjánsson	1998 Ragnheiður Mikaelisdóttir	2008 Bergur Sigmundsson
1971 Húnbogi Þorkelsson	1998 Jósúa Steinar Óskarsson	2008 Kristján Ólafsson
1971 Helgi Bergvinsson	1998 Stefán Agnarsson	2008 Helgi Bragason
1971 Bjarnhéðinn Elíasson	1998 Eygló Kristinsdóttir	2009 Viðar Elíasson
1971 Sigurgeir Ólafsson	1998 Stefán Jónasson	2009 Klara Tryggvadóttir
1971 Guðjón Magnússon	1998 Þorvarður Þorvaldsson	2009 Eyjólfur Guðjónsson
1971 Ingólfur Arnarson	1998 Stefán Jónsson	2009 Páll Scheving
1971 Lárus Ársælsson	1998 Haraldur Óskarsson	2009 Ólafur Týr Guðjónsson
1971 Jónas Sigurðsson	1998 Magnús Magnússon	2009 Guðmundur Huginn Guðmundss.
1971 Guðný Gunnlaugsdóttir	1998 Einar Jónsson	2009 Ingi Sigurðsson
1971 Sigurður Jónsson	1998 Böðvar Bergþórsson	2009 Magnús Sigurðsson
1971 Adólf Óskarsson	1998 Hallgrímur Júlíusson	2010 Kári Þorleifsson
1971 Viktor Helgason	1998 Haraldur Júlíusson	2010 Óðinn Steinsson
1971 Kristinn Sigurðsson	1998 Leifur Gunnarsson	2011 Jóhannes Grettisson
1971 Magnús Grímsson	1998 Þorsteinn Hallgrímsson	2011 Ólafur Tryggvason
1971 Valdimar Kristjánsson	1998 Sigurður Þ. Sveinsson	2012 Jón Ólafur Daníelsson
1971 Guðmundur Guðmundss.	1998 Elías B. Angantýsson	2012 Íris Sæmundsdóttir
1971 Marteinn Guðjónsson	1998 Friðrik Ó. Guðjónsson	2013 Jóna Björk Grétarsdóttir
1972 Bragi Steingrímsson	1998 Gunnar Guðnason	2013 Ævar Þórisson
1976 Hermann Kr. Jónsson	1998 Gunnar Svavarsson	2014 Svavar Vignisson
1976 Atli Elíasson	1998 Sigurður Guðnason	2014 Arnar Richardsson
1997 Guðmundur Þ. B. Ólafss.	1999 Sighvatur Bjarnason	2014 Daði Pálsson
1998 Jóhannes Ólafsson	1999 Sigmar Þröstur Óskarsson	2014 Sigurður Bragason
1998 Jóhann Jónsson	1999 Sigbjörn Óskarsson	2014 Hugrún Magnúsdóttir
1998 Birgir Guðjónsson	1999 Andrea Atladóttir	2014 Sindri Ólafsson
1998 Guðlaug Hjelm	1999 Ingibjörg Jónsdóttir	2015 Guðný Óskarsdótti
1998 Magnús Gísli Magnússon	1999 Vigdís Sigurðardóttir	2015 Friðrik Gíslason
1998 Sigursteinn Óskarsson	1999 Ragna Birgisdóttir	2015 Sveinbjörn Jónsson
1998 Helgi Sigurlásson	2000 Georg Þór Kristjánsson	2015 Gunnar Magnússon
1998 Þorsteinn Jónsson	2000 Geir Sigurlásson	2015 Arnar Pétursson
1998 Einar Friðbjólfsson	2000 Bjarni Jóhannsson	2015 Sigurjón Pálsson
1998 Björn Elíasson	2000 Birgir Sveinsson	2015 Magnús Þórsteinsson
1998 Kristmann Karlsson	2000 Hjalti Kristjánsson	2015 Arnar Andersen
1998 Hólmfríður Júlíusdóttir	2000 Sveinn Þorsteinsson	2015 Gunnar Andersen
1998 Björgvin Eyjólfsson	2000 Arndís Sigurðardóttir	2015 Haraldur Halldórsson
1998 Guðrún Ragnarsdóttir	2002 Eyþór Harðarson	2015 Anna Lilja Sigurðardóttir
1998 Ólafur Jónsson	2003 Ágúst Einarsson	2016 Karen Ólafsdóttir
1998 Bergvin Oddsson	2003 Óskar Freyr Brynjarsson	2016 Hjördís Traustadóttir
1998 Guðjón Rögnvaldsson	2003 Stefanía Guðjónsdóttir	2016 Sveinn B. Sveinsson
1998 Guðjón Hjörleifsson	2003 Unnur Sigmarsdóttir	2017 Páll Guðjónsson
1998 Magnús Bragason	2004 Hörður Óskarsson	2017 Óskar Örn Ólafsson
1998 Jóhann Pétursson	2004 Ómar Garðarsson	2017 Hannes Gústafsson
1998 Einar Gylfi Jónsson	2004 Sigurlás Þorleifsson	2017 Sigþóra Guðmundsdóttir
1998 Sigurjón Birgisson	2004 Þórunn Ingvarsdóttir	2017 Arnheiður Pálsdóttir
1998 Ingibjörg B. Jóhannesd.	2004 Hlynur Stefánsson	2017 Jóhann Sveinn Sveinsson
1998 Eggert Garðarsson	2004 Heimir Hallgrímsson	2017 Örn Hilmisson
1998 Tryggvi Kr. Ólafsson	2005 Hlynur Sigmarrson	2018 Geir Reynisson
1998 Guðmundur Jensson	2005 Páll Marvin Jónsson	2018 Guðbjörg Lilja Þórarinsdóttir
1998 Guðni Hjörleifsson	2006 Kári Vigfússon	2018 Hafdís Hannesdóttir
1998 Friðbjörn Valtýsson	2006 Ragnheiður Víglundsdóttir	2018 Kristín Gunnarsdóttir
1998 Arngrímur Magnússon	2006 Jóna Ágústsdóttir	2018 Óskar Elías Óskarsson
1998 Sæfinna Sigurgeirsdóttir	2006 Guðný Einarsdóttir	2018 Þórina Baldursdóttir
1998 Hanna Þórðardóttir	2007 Svavar Valtýr Stefánsson	2018 Elsa Valgeirsdóttir
1998 Sigríður Magnúsdóttir	2007 Viktor Ragnarsson	2018 Gunnar K. Gunnarsson
1998 Bergljót Blöndal	2007 Kristín Ásmundsdóttir	2019 Eva Káradóttir
	2007 Svanfríður Jóhannsdóttir	2019 Hjálmar Baldursson



2019 Hrönn Harðardóttir
2019 Karl Haraldsson
2019 Sigfús Gunnar Guðmundsson
2019 Sýlvía Guðmundsdóttir
2019 Valgerður Guðjónsdóttir
2019 Þóra Ólafsdóttir
2020 Anna Hulda Ingadóttir
2020 Dóra Björk Gunnarsdóttir
2020 Guðni Davíð Stefánsson
2020 Jón Árni Ólafsson
2020 Sesselja Pálsdóttir
2020 Stefán Sævar Guðjónsson
2020 Viðar Einarsson
2022 Davíð Þór Óskarsson
2022 Jóhanna Alfreðsdóttir
2022 Jónas Guðbjörn Jónsson
2022 Salóme Ýr Rúnarsdóttir
2023 Jónatan Guðni Jónsson
2023 Brynjar Karl Óskarsson
2023 Halldór Sævar Grímsson
2023 Guðjón Pálsson
2023 Anna Lilja Tómasdóttir
2023 Snjólaug Elín Árnadóttir
2023 Hörður Orri Grettisson
2023 Guðmunda Bjarnadóttir
2023 Erlingur Birgir Richardsson
2024 Sigríður Inga Kristmansdóttir
2024 Laufey Grétarsdóttir
2024 Edda Daniélsdóttir
2024 Ólafía Birgisdóttir
2024 Pálmi Harðarson
2024 Kristleifur Guðmundsson
2024 Jakob Möller
2024 Sigursveinn Þórðarson
2025 Drífa Þöll Arnadóttir
2025 Elías Jörundur Friðriksson
2025 Óðinn Kristjánsson
2025 Unnar Hólm Ólafsson
2025 Súsanna Georgsdóttir
2025 Björn Matthíasson
2025 Helga Sigrún Þórsdóttir
2026 Kristín Valtýsdóttir
2026 Adolf Þórsson
2026 Rúnar Þór Karlsson
2026 Una Þóra Ingimarsdóttir
2026 Svanhildur Eiríksdóttir
2026 Nataliya Ginzul
2026 Guðbjörg Helgadóttir
2026 Soffía Baldursdóttir

Gullmerki:

1971 Friðrik Jesson
1971 Valtýr Snæbjörnsson
1971 Bergsteinn Jónasson
1971 Karl Jónsson
1971 Guðlaugur Gíslason
1971 Jóhann Vilmundarson
1971 Albert Guðmundsson
1971 Martin Tómasson
1971 Stefán Runólfsson

1971 Eggert Sigurlásson
1971 Gísli Halldórsson
1972 Viktor Helgason
1975 Guðjón Ólafsson
1976 Húnbogi Þorkelsson
1998 Þór I. Vilhjálmsson
1998 Bragi Steingrímsson
1998 Gísli Valtýsson
1998 Jóhann Ólafsson
1998 Sigurður Jónsson
1998 Sigríður Ólafsdóttir
1998 Hermann Kr. Jónsson
1998 Vignir Guðnason
1998 Aðalsteinn Sigurjónsson
1998 Sólveig Adólfsdóttir
1998 Atli Elíasson
1999 Ólöf Elíasdóttir
1999 Björgvin Eyjólfsson
1999 Þorvarður Þorvaldsson
1999 Guðrún Ragnarsdóttir
1999 Eygló Kristinsdóttir
1999 Grímur Guðnason
2003 Birgir Guðjónsson
2004 Guðmundur P.B. Ólafsson
2007 Jóhann Jónsson
2007 Hjalti Kristjánsson
2008 Stefán Jónasson
2008 Haraldur Óskarsson
2008 Hörður Óskarsson
2009 Bergvin Oddsson
2009 Leifur Gunnarsson
2010 Arndís Sigurðardóttir
2010 Einar Friðbjófsen
2010 Björn Elíasson
2011 Jóhannes Ólafsson
2011 Arngrímur Magnússon
2011 Unnur Sigmarsdóttir
2011 Magnús Bragason
2013 Páll Scheving
2013 Jóhann Pétursson
2013 Árni Johnsen
2013 Tryggvi Már Sæmundsson
2013 Hjalti Kristjánsson
2015 Helgi Bragason
2015 Kristmann Karlsson
2016 Ágúst Einarsson
2016 Böðvar Bergþórsson
2016 Heimir Hallgrímsson
2016 Stefán Jónsson
2017 Ólafur Tryggvason
2017 Eyjólfur Guðjónsson
2019 Viðar Elíasson
2019 Ævar Þórisson
2022 Bergljót Blöndal
2022 Magnús Sigurðsson
2022 Ólafur Týr Guðjónsson
2023 Ingi Sigurðsson
2023 Sigmar Pálmason
2024 Ingibjörg Jónsdóttir
2024 Arnar Richardsson

2024 Elsa Valgeirsdóttir
2025 Arnar Andersen
2025 Gunnar Andersen
2025 Klara Tryggvadóttir
2025 Magnús Þorsteinsson
2026 Jóhannes Grettisson

Gullkross:

1996 Magnús Grímsson
1996 Guðjón Magnússon
1998 Adólf Óskarsson
1998 Guðný Gunnlaugsdóttir
1998 Húnbogi Þorkelsson
1998 Stefán Runólfsson
1998 Gunnar Stefánsson
1998 Marteinn Guðjónsson
2005 Jóhann Ólafsson
2005 Bragi Steingrímsson
2015 Þór Í. Vilhjálmsson
2016 Gísli Valtýsson
2018 Birgir Guðjónsson
2021 Einar E. Jónsson
2022 Jóhann Jónsson

Sérstök viðurkenning:

1994 Árný Heiðarsdóttir
1995 Jón Bragi Arnarsson
1996 Sigbjörn Óskarsson
1997 Haraldur Júlíusson
1998 Sigurlás Þorleifsson
1999 Ólöf Heiða Elíasdóttir
2000 Sólveig Adólfsdóttir
2001 Jóhann Jónsson
2002 Gísli Valtýsson
2003 Eygló Kristinsdóttir
2004 Ragnar Guðmundsson
2005 M. Birgir Guðjónsson
2006 Guðjón Ólafsson
2007 Guðmundur ÞB. Ólafsson
2008 Vignir Guðnason
2009 Sigursteinn Óskarsson
2010 Þórunn Ingvarsdóttir
2011 Jóhannes Ólafsson
2012 Þorvarður Þorvaldsson
2013 Arngrímur Magnússon
2014 Björn Elíasson
2015 Unnur Sigmarsdóttir
2016 Þór Í. Vilhjálmsson
2017 Heimir Hallgrímsson
2019 Arnar Pétursson
2020 Björgvin Eyjólfsson
2021 Stefán Jónsson
2023 Hjalti Kristjánsson
2024 Eyjólfur Guðjónsson
2025 Sigurður Georgsson
2026 Ævar Þórisson

Starfsmerki ÍBV:

2019 Karlalið ÍBV í Handbolta



Íþróttastefna Vestmannaeyjabæjar

Meginmarkmið:

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUST- UM LÍKAMA

1. Aukin þátttaka bæjarbúa, ekki síst barna og unglunga, í íþróttum sem og reglulegri hreyfingu

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

- efla og styðja við barna- og unglunga- starf. Framfylgja þarf stefnu ÍSÍ um barna- og unglungaíþróttir. Sú stefna hefur það að leiðarljósi að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi líkamlega, sálrænt og félagslega. Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglunga til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar. Festa á í sessi áhuga barna á íþróttum með því að hafa iðkunina jákvæða, skemmtilega og að börnum líði vel. Sérstaklega þarf að gefa ungunum börnum tækifæri til að kynnast mörgum íþróttagreinum og seinka þeirri sérhæfingu sem á sér stað í dag. Mikilvægt er að efla hvers kyns félagsstarf í tengslum við sjálft íþróttastarfið. Skapa þarf börnum og unglungum aðstæður til íþróttaiðkunar á eigin forsendum, hvort sem það er með keppni eða afrek í huga eða með líkamsrækt, skemmtun og góðan félagskap að leiðarljósi. Efla þarf félagsvitund barna og unglunga þannig að þeim sé ljóst að það sé merki ÍBV héraðs-sambands sem þau koma fram undir. Efla þarf samstarf á milli aðildarfélaga ÍBV þannig að börnum og unglungum sé gefinn kostur á að stunda fleiri en eina íþróttagrein en ekki að þau séu sett í þau spor að þurfa að gera upp á milli íþróttagreina of snemma.

- efla starf foreldra innan íþróttastarfsins. Hvatning foreldra er mikilvægur þáttur í uppeldi og starfi íþróttafélaga. Stuðningur foreldra eykur líkur á því að börn haldi áfram þátttöku í íþróttum. Virkt samstarf foreldra og íþróttafélags er mikilvægt og nauðsynlegt að upplýsingaflæði sé gott. Virkni sem flestra í starfsemi félaga auðveldar vinnuna og leiðir til að fjölskyldumeðlimir skapa sér sameiginlegan vettvang og áhugamál.

- hvetja almenning til að taka þátt í almenningu íþróttum. Líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti er hverjum manni mikilvægt. Upplýsa verður íbúa um gildi hollra lifnaðarháttanna og hollrar hreyfingar. Heilsuefning er mikilvægur þáttur til að viðhalda góðu heilbrigði bæði hjá ungum sem öldnum. Upplýsa verður íbúa um rétt þeirra til að nýta þau glæsilegu íþróttamannavirki sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða og einnig hvað stendur til boða varðandi heilsuefningu.

- auka áherslu á aukna menntun þjálfara. Íþróttastarf er uppeldisstarf og hafa íþróttþjálfarar því mikilvægu uppeldis- hlutverki að gegna. Mikilvægt er að vanda valið á íþróttþjálfurum. Vel menntaðir þjálfarar með áhuga fyrir starfi sínu laða frekar en aðrir börn og ungmenni að íþróttastarfi.

2. Ná virkri tengingu milli forvarna og þátttöku í íþróttum

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

- auka áhersluá mikilvægiforvarna.

Mikilvægt er að íþróttafélögintakiskýra afstöðu með mikilvægi heilsusamlegs líf- ernis og skaðsemi ávana- og fíkniefna s.s. áfengis, tóbaks og öðrum fíkniefnum og hvers konar lyfjamisnotkun. Mikilvægt er að íþróttafélögin

taki þátt í forvarnarstefnu sveitarfélagsins og móti sameiginlega starfsreglur um hvernig skuli tekið á fíkniefnavanda og/eða lyfjamisnotkun einstaklinga á vettvangi íþróttahreyfingarinnar. Öll íþróttamannvirki sveitarfélagsins skulu vera laus við reykingar og önnur skaðleg vanabindandi efni. Þjálfarar barna og unglunga gegna lykilhlutverki í öllu íþróttastarfi. Þeir eru fyrirmyndir og mótunaraðilar sem skipta miklu máli í áherslu á mikilvægi forvarna. Upplýsa þarf þjálfara og iðkendur um skaðsemi ávana- og fíkniefna og forvarnarstefnu íþróttafélaga. Halda skal uppi virkri fræðslu hjá aðildarfélögum ÍBV. Fela þarf þjálfurum að fræða iðkendur um áhrif áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum. Aðildarfélög ÍBV eru hvött til að kynna reglulega forvarnarstefnu síns félags.

3. Áhersla á heilbrigðan lífstíl, virðingu, umhyggju, samstöðu og samkennd.

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

- auka samvinnu þeirra sem koma að uppeldi barna og ungmenna. Stuðla að virkri samvinnu íþróttafélaga og þeirra sem koma að uppeldi barna og ungmenna í þeim tilgangi að skapa uppeldisaðstæður og umhverfi sem býður

upp á heilbrigðan lífsstíl og skapar lífs-
hamingju sem einkennist af virðingu,
umhyggju, samstöðu og samkennd.

- samræma aðgerðir og reglur á milli
aðildarféлага ÍBV og annarra sem koma
að uppeldi barna og ungmenna. Hér er
átt við samræmdar umgengnis- og aga-
reglur þannig að sömu reglur gilda fyrir
börn og ungmenni hvortsem þau stunda
almenna skólaleikfimi eða íþróttæfingar.

4. Efla skilning einstaklingsins á um- hverfi sínu og tengja það íþróttastarfi.

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

- auka vitneskju þjálfara og forystu-
manna um mikilvægi þess að skila um-
hverfinu hreinu og finu til barna okkar.
Það er hagur allra að gengið sé vel um
náttúruna og okkar nánasta umhverfi.
Tenging íþróttastarfs og náttúruverndar
fer vel saman og er stór
þáttur í heilbrigðum lífsstíl, virðingu,
umhyggju, samstöðu og samkennd.

5. Vestmannaeyjabær vill taka þátt í að styðja við afreksíþróttir og byggja upp afreksfólk m.a. í þeim tilgangi að skapa fyrirmyndar einstaklinga öðrum til hvatningar.

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

- efla innra starf féлага ÍBV héraðs-
sambands. Samræma þarf aðgerðir
þannig að allir stefni að sama mark-
miði, hvortsem það eru iðkendur, stjórn-
armenn, þjálfarar eða hinn almenni
studningsmaður.
- stuðla að áframhaldandi uppbygg-
ingu og viðhaldi íþróttamannvirkja í
þeim tilgangi að styðja við afreksíþróttir.
- gera núverandi og væntanlegu
afreksfólki grein fyrirstöðu sinnise-
m fyrirmyndum sem á að virka öðrum til
hvatningar. Hvers kyns fyrirmyndir eiga
þátt í að móta atferli og lífsstíl ungs fólks.
Virkja þarf afreksfólk til að vekja athygli
á gildi íþróttar og á skaðsemi fikniefna
m.a. með fyrirlestrum fyrir þjálfara og
iðkendur og þátttöku í æfingum.

STEFNUMÓTUN FYRIR ÍÞRÓTTAFÉLÖG

Í framhaldi af íþróttastefnu Vestmanna-
eyjabæjar eru þau aðildarfélag ÍBV
héraðsambands sem ekki hafa mótað
íþróttastefnu hvött til að vinna sína
stefnumótunarvinnu og um leið hvött til

að stýra forsendum og áherslum í sömu
átt og fram kemur

í þessari stefnu. Auka þarf gæði íþróttar-
starfs og koma á markvissri uppbyggingu
íþróttafélaganna með það að markmiði
að efla starf þeirra. Skiptir þá ekki máli
stærð félags. Byggja þarf starf hversfélags
á ákveðnum grunni og síðan getur hvert
félag útfært
íþróttastefnuna á þann hátt sem hentar
hverju félagi fyrir sig. Hvetja þarf að-
ildarfélag ÍBV héraðsambands að gerast
fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Vestmannaeyjabær
mælir með eftirfarandi atriðum í stefnu
íþróttaféлага:

Meginmarkmiðið:

Heilbrigð sál í hraustum líkama.

Hlutverk / Markmið:

Samkvæmt lögum hvers félags: Íþróttar-
og félagsstarfið verði unnið í takt við
íþróttastefnu ÍBV héraðsambands og
stefnu ÍSÍ.

Verkefni stjórnar:

- Stjórn félags:
Að hún sé full mönnuð samkvæmt
lögum hvers félags. Verkaskipting
sé klár þannig að allir séu með á
hreinu hvert sé þeirra hlutverk.
- Stjórnarfundir:
Fastir fundartímar. Skrifleg
dagskrá lögð fram. Fundargerð
síðasta fundar lesin og samþykkt
með undirskrift.
- Fjármál og bókhald:
Bókhald fært samkvæmt lögum og
lyklakerfi ÍSÍ. Uppgjör framkvæmt
með reglulegu millibili. Eftirlit
endurskoðenda.
- Félagshandlingur:
Minnst 1-2 haldnir á hverju ári.
Auglýst dagskrá. Fundarboð til
allra félagsmanna.
- Aðalfundur:
Auglýstir samkvæmt lögum. Fari
fram á lögmaetan hátt.
- Barna- og unglingastarf:
Fylgi stefnu ÍSÍ.
- Félagshandlingur:
Sé virkt og hæfi hverjum
aldurshópi.
- Foreldrastarf:
Sé virkt og foreldrar vel upplýstir
um starfsemi félagsins.
- Vímuvarnir:
Stefnu sé fylgt eftir. Leikreglur,
bönn. Eftirfylgni, taka á
vandamálum.

- Umhverfismál:
Mótuð sé stefna og fylgt eftir.
Borin sé virðing fyrir umhverfinu.
- Fjáraflanir:
Séu fjölbreyttar og nýttist sem
flestum félagsmönnum. Séu í
samræmi við lög sbr. bann við
auglýsingum um áfengi og tóbak.
- Þjálfun og kennsla:
 - Menntaðir leiðbeinendur, kröfur
gerðar til þeirra. Efla þekkingu
leiðbeinenda, senda á námskeið,
fá fyrirlesara. Skilgreina fram-
halds- og endurmenntun kennara.
Hafa skilgreinda launastefna.
Stjórnarmenn sýni metnað í starfi.
 - Upplýsa, boðleiðir öruggar.
 - Mannleg samskipti.
 - Halda utan um sögu félags,
varðveita gögn. Fundargerðir,
fréttabréf, leikskrár.
 - Efla samskipti á milli féлага,
styrkja ÍBV samstöðu.
 - Sinna afreksmanninum.

Verkefni þjálfara / leiðbeinenda:

- Vinna í takt við íþróttastefnu ÍBV.
- Skipulag þjálfunar, vinna eftir
áætlunum og/eða námsskrá.
- Rækta einstaklinginn félagslega,
andlega og líkamlega.
- Stuðla að vinskapa, virðingu og
kurteisi.
- Hreyfing / einbeiting. Hvetja
iðkendur til fjölbreyttrar
hreyfingar.
- Agi- hafa gaman.
- Þolinmæði.
- Sinna vímuvarnum, fylgja
reglum eftir.
- Taka þátt í verkefnum tengdum
umhverfismálum.
- Tækni - læra að sigra / tapa.
- Mataræði.
- Þekkja keppinautinn, að vera
klókari.
- Sýna metnað í starfi.
- Huga að sjálfsþróun.
- Kynna sér reglur íþróttamannvirkja
og miðla þeim til iðkenda.

Hvernig náum við árangri?

Með því að sýna metnað í starfi, næst
árangur, sem aftur skapar betra skipulag.
Samþykkt í fjölskyldu- og tómstundaráði
Vestmannaeyja

1. desember 2010 og staðfest
í bærstjórn 9. desember 2010.

Starfsskýrsla Golfklúbbs Vestmannaeyja starfsárið 2025



Á aðalfundi GV fyrir starfsárið 2025 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn GV: Sigursveinn Þórðarson formaður, Sigurjón Pálsson, Pálmi Harðarson, Sigurbergur Sveinsson, Leifur Jóhannesson, Hafdís Snorradóttir og Óðinn Kristjánsson. Ein breyting var á stjórn frá 2024 en Una Þóra Ingimarsdóttir gekk úr stjórn og Hafdís Snorradóttir kom inn. Er Unu þakkað gott samstarf á liðnum árum.

Á fyrsta fundi stjórnar skipti stjórnin með sér verkum. Hafdís Snorradóttir varaformaður, Leifur Jóhannesson ritari og Pálmi Harðarson gjaldkeri.

Haldnir voru 6 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum.

Kjörnir endurskoðendur:

Guðni Sigurðsson og Helgi Bragason.

Eftirtaldir voru formenn fastanefnda:

Móta og markaðsnefnd: Leifur Jóhannesson.

Vallar- og húsanefnd: Sigurjón Pálsson.

Unglinga- og afreksnefnd: Sigurbergur Sveinsson.

Kvenna- og nýliðanefnd: Hafdís Snorradóttir.

Öldunganefnd: Óðinn Kristjánsson.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri: Karl Haraldsson

Þjálfari hluti af ári: Jón Valgarð Gústafsson

Vallarstjóri: Aðalsteinn Ingvason.

Í sumari voru 26 starfsmenn en stöðugildi á ársgrunni eru um 8. Auk þess tók fjöldi félagsmanna þátt í verkefnum hjá klúbbnum í sjálfbærliðastarfi á árinu.

Stjórn GV þakkar öllum sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

Árið 2025 voru 13 mót á vegum GV á golf.is.

Þátttaka í mótum ársins 2025:

1. Hjóna og parakeppni Golf Saga	196
2. Icelandair Volcano Open	194
3. Sjómannamót Ísfélags VM	151
4. Unbroken	108
5. 2Þ styrktarmót	106
6. Ölgerðarmótið	106
7. Miðstöðin	94
8. Fyrirtækjakeppni GV	92
9. GV Open	78
10. Meistaramót GV	76
11. Leo Seafood open	60
12. Bændaglíman	58
13. Icewear	40

Ánægjulegt að sjá að þátttakendur voru yfir 100 í 6 mótum. Icelandair Volcano Open hefur verið fjölmennasta mót GV í áraraddir en árið 2025 var breyting á þegar hjóna- og parakeppni Golf Saga er það fjölmennasta. Einnig var mikil aukning í Sjómannamóti Ísfélagsins og í 2Þ styrktarmótinu. Eins er ánægjulegt að jafn öflugt fyrirtæki og Miðstöðin er, skuli koma inn með öflugt mót á árinu.

Alls voru 220 meðlimir GV sem voru þátttakendur í mótum



ársins og er það aukning frá fyrra ári, þegar 208 félagar voru meðal þátttakenda. Einn félagsmaður var skráður í 10 mót og var öflugastur okkar félagsmanna. Flestar konur úr GV voru í Sjómannamóti Ísfélagsins, 25 talsins en hlutfallslega voru flestar konur í móti Miðstöðvarinnar, eða tæplega 35% þátttakenda. Yfir mótin öll voru konur tæplega 24% þátttakenda.

Af þeim 220 sem skráðu sig til leiks í mótum á árinu voru 59 sem tóku þátt í einu móti. Af þeim sem tóku þátt í fleiri en einu móti þá lækkuðu 49% þeirra í forgjöf sem svipað og ári áður. 36% félagsmanna hækkuðu í forgjöf en aðrir stóðu í stað.

Meistaramót GV var haldið dagana 9-12. júlí. Í Meistaraflokki karla sigraði Örlygur Helgi Grímsson með 10 högga mun og varð því klúbbmeistari GV í 16. skipti og það á nýju mótsmeti. Sannarlega stórkostlegur árangur hjá einum af okkar sigursælasta kylfing fyr og síðar. Einn efnilegasti kylfingur okkar Eyjamanna, Sóley Óskarsdóttir varð klúbbmeistari kvenna annað árið í röð og var munurinn þar 20 högg.

Sigurvegarar í öðrum flokkum:

1. flokkur kk.	Kristgeir Orri Grétarsson
2. flokkur kk.	Björn Kristjánsson
3. flokkur kk.	Gunnar Páll Hálfðásson
4. flokkur kk.	Aron Gunnar Einarsson
1. flokkur kvk.	Eva Aðalsteinsdóttir
2. flokkur kv.	Anna Rós Hallgrímsdóttir
50+ kk	Júlíus Hallgrímsson
50+ kk m/forgjöf	Júlíus Hallgrímsson
50+ kvk	Katrín Harðardóttir
65+ kk	Þórður Halldór Hallgrímsson
65+ kk m/forgjöf	Þórður Halldór Hallgrímsson

Stjórn GV óskar öllum verðlaunahöfum í Meistaramóti GV til hamingju.

VÖLLURINN OG SKÁLINN

Árið í ár hefur að mestu farið í framkvæmdir á velli en þó var farið í nokkra endurskipulagningu á tækjum í eldhúsi. Mörg verkefni voru klárð á vellinum. Má þar nefna að teigurinn á tíundu braut var stækkaður og sléttur, nýr rauður teigur var byggður upp á elleftu braut. Grjótgarður var lagður meðfram sextánda braut og unnið að endurbyggingu á teig á sautjándu. Það sem er á dagskrá nú í vor er meðal annars að sett verður upp sjálfvirkt vökvunarkerfi við fjórtánda grín og eins er stefnt að því að hækka teiginn á fjórtánda.

Golfhermarnir hafa verið ágætlega nýttir á árinu, bæði í barna- og unglíngastarfi klúbbsins en einnig af hinum almenna félagsmanni. Þó mætti vera meiri aðsókn í okkar glæsilegu inniaðstöðu. Eyjamenn voru öflugir á vellinum í sumar og duglegir að skrá sig á golfbox. Það er gríðarlega mikilvægt að við höldum áfram á þeirri braut og nýtum það góða forrit til að halda utan um okkar eigin iðkun og fyrir stjórnendur klúbbsins til að nýta þær upplýsingar til að betrumbæta okkar góða klúbb. Klúbbmeðlimir GV skráðu sig fyrir 8.137 hringjum á árinu og meðlimir annarra klúbba voru með 2.255 hringi.



BARNA – UNGLINGA OG AFREKSSTARF GV 2024

Barna og unglíngastarf GV gekk nokkuð vel árið 2025. Aukning hefur verið í barnastarfi klúbbsins. Flestir æfa yfir sumarið enn margir eru að æfa allt árið. Það er gaman að sjá hvað margir ungar stúlkur hafa komið inn í sumar enn eru aðeins yfir sumartíman. Aðeins fækkun hefur verið í aldursbilinu 12-14 ára. Skipulagðar æfingar barna og unglínga eru níu mánuði yfir árið. Æfingar yfir vetrarmánuðina eru í félagsrými GV á neðri hæð skálans. GV hefur boðið Grunnskóla Vestmannaeyja að koma með íþróttaræfingar sínar yfir vormánuðina til að kynna golfíþróttina fyrir krökkum.

GV og Framhaldskólinn í Vestmannaeyjum hefur verið í mjög góðu samstarfi undanfarinn ár með Golfakademíu GV og FÍV. Alls voru 10 einstaklingar sem voru í henni. Kennir er í einkatímum og hópatímum. Það er kominn góð reynsla á þetta og mikill ánægja með.

Unglingarnir fóru í æfingaferð í vor til Novo Sante Petri á Spáni. Var æft og keppt við frábærar aðstæður. Mikill ánægja var með ferðina og er þetta liður í að halda öflugu barna og unglíngastarfi GV. Farið verður til Spánar aftur í vor og er margir nýir kylfingar að fara með í þá ferð. Það er öflugt foreldraráð sem heldur utan um fjáraflanir svo að slíkar ferðir geti átt sér stað. Alls fóru 10 krakkar, 2 foreldrar og einn þjálfari. Á stigamótum og Íslandsmóti unglínga kepptu þau Sóley Óskarsdóttir og Heimir Sigurjónsson og gekk þeim vel og fara þessi mót í reynslubankann hjá þeim. GV sendi enga sveit í Íslandsmót golfklúbba þetta árið. Ef lítið er á heildarmyndina í barna og unglíngastarfi GV, þá erum



við með mörg ungmenni sem stunda golf og margir að bæta sig mikið. Við þurfum fleiri sem keppa á mótum á vegum GSÍ og er það markmið GV. Einnig þurfum við vettvang og verkefni fyrir yngri kynslóðina til að ná að halda þeim í íþróttinni. Ef við berum okkur sama við aðra golfklúbba stöndum við mjög framalega með iðkenda fjölda enn við þurfum að búa til fleiri verkefni fyrir krakkana að geta þroskað sinn leik.

Eins og hefur komið fram æfir GV meira enn 9 mánuði á ári og er aðstöðuleysi sem boðið er upp á æfingar farið að segja til sín. Við erum aðeins með 2 golfherma í 55 fermetra rými. Það er erfitt að vera með kennslu með 12-14 krakka við þær aðstæður og frekar einhæfar æfingar. Því er mjög brýnt að GV hugsi til framtíðar í betri æfingaaðstöðu svo hægt sé að vera með betri kennslu allt árið.

Jón Valgarð Gústafsson var yfirþjálfari barnastarfs GV árið 2025. Hann kláraði PGA nám sitt á vormánuðum. Karl Haraldsson kemur einnig að barna og unglíngastarfinu þó aðallega yfir vetrarmánuðina. Þá komu Júlíus Hallgrímsson, Einar Gunnarsson og Lárus Garðar Long á æfingar til aðstoðar. Vill GV þakka þeim fyrir, það er frábært fyrir klúbbinn að hafa reynslumikla leikmenn sem eru tilbúnir að miðla sína þekkingu áfram.

Þá komu einnig Sóley Óskarsdóttir og Þuríður Andrea Óttarsdóttir að kennslu barna yfir sumarmánuðina.

AFREKSTARF GV

GV átti 3 fulltrúa sem tók þátt í Íslandsmótinu í golfi sem leikið var á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði. Það var Lárus Garðar Long, Sigurbergur Sveinsson og Daníel Ingi Sigurjónsson.

Einnig tóku þeir Sigurbergur, Daníel og Lárus þátt í nokkrum stigamótum.

Sveit GV keppti 1. deild karla í Íslandsmóti Golfklúbba sem leikið var hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðarbæjar. Lið GV átti ekki erindi sem erfiði og féll niður um deild og leikur því í 2. deild að ári. Liðið skipaði: Daníel Ingi Sigurjónsson, Sigurbergur Sveinsson, Andri Erlingsson, Rúnar Þór Karlsson, Einar Gunnarsson, Jón Valgarð Gústafsson, Lárus Garðar Long og Örlygur Helgi Grímsson. Liðstjóri var Brynjar Smári Unnarsson.

Sveit GV 50 + Karla lék í 2. deild í Íslandsmóti golfklúbba sem haldið var í Vestmannaeyjum. Liðið hafnaði í 6. sæti og er liðið áfram í 2. deild að ári. Liðið skipuðu þeir Jóhann Pétursson, Sigurjón Pálsson, Jónas Jónasson, Guðjón Grétarsson, Aðalsteinn Ingvarsson, Albert Sævarsson, Helgi Bragason, Helgi Sigurðsson og Jóhann Pálmason. Liðstjóri var Tryggvi Kr Ólafsson.

Sveit GV 50 + Kvenna leik í 1. deild í Íslandsmóti golfklúbba í Vestmannaeyjum og stóðu sig með miklum sóma og náði að halda sæti sínu í efstu deild. Liðið hafnaði í 7. sæti. Liðið

skipuðu eftirfarandi leikmenn: Hrönn Harðardóttir, Freyja Ölundardóttir, Katrín Harðardóttir, Jóhanna Waagfjörð, Guðmunda Bjarnadóttir, Þóra Ólafsdóttir og Alda Harðardóttir. Liðstjórar voru Unnur Sigmarsdóttir og Una Þóra Ingimarsdóttir Örylgur Helgi Grímsson náði einstökum árangri í sumar að vinna sinn sextánda Vestmannaeyjameistaratil á nýju mótsmeti en hann lék 72.holurnar á 12 undir pari vallarins.



FJÁRMÁL

Rekstrartekjur GV árið 2025 hækkuðu aftur umtalsvert á milli ára, eða um rúmlega 20% og munar þar mestu um hækkun á framlögum og styrkjum og á móta- og vallargjöldum. Af helstu kostnaðarliðum hækkuðu vörukaup og launagreiðslur mest. Rekstrarniðurstaða ársins var hinsvegar jákvæð um tæplega 44 milljónir. Þó verður að hafa í huga að nokkrar fjárfestingar sem ákveðið var að fara í frestuðust á milli ára og munu koma til framkvæmda árið 2026. Þar má nefna uppsetningu á lithium rafhlöður úr alla golfbíla félagsins, framkvæmdir við klósett í golfskála og kaup á róbótum til sláttar. Þá var pantaður nýr vinnubíll fyrir starfsmenn vallarins sem kemur ekki fyrr en á vormánuðum.

TILLAGA UM ÁRSGJALD

Á síðasta ári var samþykkt tillaga fráfarandi stjórnar um 10% hækkun á árgjöldum. Í ár er lagt til að hækka árgjaldið um kr. 5.000

Skipting félagsmanna:	Gjaldskrá 2025	Tillaga 2026
Fullt gjald	110.000	115.000
70 ára og eldri	77.000	82.000
Nýliðagjald 1.ár	77.000	77.000
Nýliðagjald 2.ár	93.000	93.000
Nemagjald (fullorðinn)	77.000	77.000
19-24 ára	55.000	60.000
14-17 ára	44.000	50.000
Aukaaðild	60.000	67.000

FJÁRHAGSÁÆTLUN

Rekstrartekjur GV	2025	Áætlun 2026	Mism.
Árgjöld og námskeiðsgj.	33.525.100.-	35.000.000.-	4,4%
Framlög og styrkir	33.451.403.-	32.000.000.-	-4,3%
Móta og vallargjöld.			
Útleiga bíla/skápa	67.916.275.-	68.000.000.-	0,1%
Veitinga- og varningssala	25.279.092.-	22.750.000.-	-10%
Fjármunatekjur	4.333.411.-	4.000.000.-	-9,1%
Samtals rekstrartekjur	166.007.398.-	161.750.000.-	-2,6%

Rekstrargjöld GV	2025	Áætlun 2026	Mism.
Kostnaður seldra vara	25.505.666.-	22.000.000.-	-13,7%

Laun og starfsmannakost.	71.912.900.-	69.000.000.-	-4,1%
Annar rekstrarkostnaður	36.432.100.-	55.000.000.-	51%
Afskriftir	8.187.446.-	8.000.000.-	-2,3%
Fjármunagjöld	1.185.949.-	900.000.-	-24,1%
Samtals gjöld	142.038.112.-	154.900.000.-	8,2%
Niðurstaðan:	43.988.748.-	6.850.000.-	-84,4%

Tekjur voru talsvert umfram áætlun á síðasta ári en eins og áður hefur komið fram, þá vantar nokkrar fjárfestingar inn í árið sem koma til árið 2026. Við gerum ráð fyrir að halda uppi tekjuhlíðinni á starfsárinu.

Launakostnaður hefur hækkað umtalsvert á síðustu tveimur árum. Bæði vegna almennra launahækkana í samfélaginu en einnig vegna meiri umsvifa klúbbsins. Við sjáum töluverða aukningu á velli hjá okkur og því fylgir fleiri starfsmenn og jafnvel lengri starfsdagur. Eins og áður þarf að fylgjast vel með þróun á þessum liðum.

Þá verður að endurskoða rekstur á eldhúsi en þrátt fyrir góð gæði á matseðli og frábæra þjónustu í veitingasölu, þá er heildarrekksturinn á þessum lið í járnnum. Þurfum við að reyna að finna leiðir til að rekstur á veitingasölu skili betur af sér í heildarreikning GV.



AÐ LOKUM

Ef horft er til allra liða rekstrar GV þá gekk reksturinn vel upp. Við skilum góðum hagnaði en hann skýrist að miklu leyti að því að fjárfestingar falla á milli ára. Engu að síður er góður vöxtur á tekjum klúbbsins á helstu liðum. Því fylgir líka meiri gjöld en þau hækka mest í launakostnaði og veitingasölu.

Fráfarandi stjórn GV horfir björtum augum til framtíðar. Ákveðið var á árinu að greiða upp lán sem hvíldi á klúbbum og er GV nú skuldlaust við bankastofnanir. Það eru ákveðin tímamót sem hófust löngu fyrir tilkomu núverandi stjórnar en gríðarlega mikilvægt og okkur öllum ofarlega í huga, að halda áfram á þeirri braut.

Golfvöllurinn í Vestmannaeyjum er einn besti völlur á Íslandi umvafinn einstakri náttúru. Við eigum og rekum, eitt íþróttafélaga í Vestmannaeyjum okkar fasteignir, við erum með 3 starfsmenn í fullri vinnu hjá klúbbum og þegar mest lætur, eru rúmlega 20 einstaklingar á launaskrá hjá GV. Við erum, líkt og ÍBV gríðarlega mikilvæg ferðaþjónustunni í Vestmannaeyjum og sköpum þannig tekjur fyrir aðra aðila í Eyjum. Þetta má ekki vanmeta eða gera lítið úr, enda eru íþróttir og ferðaþjónusta samofnir þættir í vexti og velferð margra aðila í Vestmannaeyjum.

Að lokum vill stjórn GV þakka félögum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu og vonumst eftir að áframhald verði þar á.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Vestmannaeyja
Sigursteinn Þórðarson
 Formaður GV

Starfsskýrsla ÍBV Íþróttafélags fyrir starfsárið 2025



Árið 2025 verður minnst fyrir góðan árangur í knattspyrnu og handbolta. Þjóðhátíð gekk vel þrátt fyrir aftakaveður á föstudegi. Orku- og TM-mót gengu frábærlega og voru leikin í góðu veðri. Yngri flokkar félagsins áttu einnig afar gott ár og náðist oft ótrúlegur árangur.

ÍBV er ein af lífæðum samfélagsins. Í þessum pistli verður stiklað á stóru um það sem gerðist hjá félaginu árið 2025.

JANÚAR

Þrettándagleði ÍBV fór fram, venju samkvæmt, fyrsta föstudag á nýju ári. Þótti hún takast afar vel og var fjölmenni samankomið á malarvöllinn við Löngulág. Ungir sem aldnir skemmtu sér vel og nutu þeirra töfra sem Þrettándagleði ÍBV býður upp á ár hvert.

Hinrik Hugi Heiðarsson og Ívar Bessi Viðarsson voru valdir til að taka þátt í æfingum hjá U-21 árs landsliði Íslands í handbolta.

Edda Dögg Sindradóttir, Kristín Klara Óskarsdóttir og Lilja Kristín Svansdóttir voru valdar til að taka þátt á æfingum með U-16 ára landsliði Íslands í knattspyrnu.

Bandaríska knattspyrnukonan Allis-



on Grace Lowrey gekk til liðs við ÍBV frá Texas A&M. Þetta hafi Jón Ólafur Daníelsson um Allison að segja: „Hún er kraftmikill framherji sem lætur finna vel fyrir sér. Allison skorar mörk í öllum regnbogans litum, hvort sé með hægri eða vinstri fæti eða með skalla. Hún leggur líka upp mörk fyrir samherja sína, enda með mjög góðan leikskilning og nákvæmni í sendingum. Þá er Allison mjög vinnusöm inni á vellinum.“ Allison átti svo sannarlega eftir að láta til sín taka í búningi ÍBV.

Oliver Heiðarsson knattspyrnumaður var útnefndur Íþróttamaður Vestmannaeyja 2024, Andri Erlingsson Íþróttamaður æskunnar 16-19 ára og Kristín Klara Óskarsdóttir Íþróttamaður æskunnar 12-15 ára. ÍBV Íþróttafélag óskar þessum glæsilegu fulltrúum félagsins innilega til hamingju!

Landsliðsfólkið okkar var heiðrað, en ÍBV átti 16 leikmenn sem spiluðu landsleiki á árinu og 2 þjálfara sem stýrðu landsliðum. Ásamt þeim voru Lengju- deildarmeistarar mfl kk í fótbolta, Íslandsmeistarar í 6. fl. kk yngra ár í handbolta og bikarmeistarar 4. fl. kvk í handbolta heiðruð.

Íþróttabandalag Vestmannaeyja heiðraði líka nokkra einstaklinga fyrir þeirra störf í þágu íþróttanna í Eyjum með gull og silfurmerki auk þess sem Sigurður Georgsson fékk sérstaka viðurkenningu fyrir sitt framlag í þágu íþróttanna. Þeir sem hlutu silfurmerki að þessu sinni voru: Drífa Þöll Arnardóttir, Elías Jörundur Friðriksson, Súsanna Georgsdóttir, Unnar Hólm Ólafsson og Óðinn Kristjánsson. Gullmerki hlutu Arnar Andersen, Gunnar Andersen, Klara Tryggvadóttir og Magnús Þorsteinsson.

Emil Gautason var valin til æfinga með U-15 ára landsliði Íslands í knattspyrnu.

Birgir Ómar Hlynsson gekk til liðs við



ÍBV á láni frá Þór. Birgir er 23 ára bakvörður sem er uppallinn hjá Þór og hefur leikið þar allan sinn feril, meðal annars á meðan Þorlákur Árnason var þjálfari þeirra, Láki hafði þetta um Birgi að segja. „Birgir Ómar er gríðarlega hraður varnarmaður sem er einnig með mjög góða boltameðferð. Hann hefur spilað bæði miðvörð og bakvörð á sínum ferli en við hugsum hann fyrst og fremst sem bakvörð í okkar liði.“

Óskar Elías Zoega Óskarsson var ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu. Óskar er 29 ára þjálfari sem lék upp alla yngri flokkana með ÍBV, hann lék fyrsta leik sinn í meistaraflokki fyrir ÍBV 15 ára gamall og hefur samtals leikið 100 leiki í efstu og næstefstu deild. Hann hefur einnig leikið mikið með KFS, ríflega 50 leiki. Síðustu tvö tímabil hefur Óskar einbeitt sér meira að þjálfun og leikið með KFS samhliða því. Samningur hans við knattspyrnudeildina er til tveggja ára. Það verður spennandi að fylgjast með Óskari í þessu hlutverki en hann þjálfar einnig hjá yngri flokkum félagsins. Knattspyrnuráð hlakkar til samstarfsins og óskar Óskari góðs gengis.

Lilja Kristín Svansdóttir var valin í lokahóp U-15 ára landsliðs kvenna í knattspyrnu. Hópurinn tók þátt í tveimur leikjum gegn Færeyjum.

Ragna Sara Magnúsdóttir framlengdi samning sinn við knattspyrnudeild ÍBV um tvö ár, hún hefur verið lykilmáður hjá liðinu síðustu ár eða allt frá því að



hún vann sér fast sæti í byrjunarliðinu árið 2019. Ragna, sem er fædd árið 2003, er uppallin hjá ÍBV og lék með öllum yngri flokkum félagsins, fyrsta leik sinn í deildarkeppni með meistaraflokki spilaði hún árið 2018 þegar hún kom inn á sem varamaður gegn HK/Víkingi. Ragna hefur leikið landsleiki fyrir U17 ára og U19 ára landsliðin. Samtals hefur Ragna leikið 90 KSÍ leiki fyrir ÍBV, þar af 61 í efstu deild.

Sigurður Arnar Magnússon framlengdi samning sinn við knattspyrnudeild ÍBV um eitt ár. Sigurður hefur spilað lengi með ÍBV og alls 157 KSÍ leiki fyrir félagið, hann á einnig nokkra leiki að baki fyrir KFS sem komu sumarið 2017.

Avery Van der Ven gekk til liðs við ÍBV. Hún er 22 ára og hefur leikið í bandaríska háskólaboltanum síðustu ár, bæði

hjá Colorado State Rams og einnig hjá Texas Longhorns. Avery lék í frábærri vörn hjá Colorado State sem setti nokkur met, meðal annars hélt liðið hreinu 10 sinnum á tímabilinu 2023 sem er met hjá skólanum. Hún lék hverja einustu mínútu í öllum 22 leikjum liðsins árið 2023 og einnig í öllum 21 leikjum liðsins árið 2024, þar sem liðið hélt hreinu 9 sinnum. Ljóst er að hún er traustur varnarmaður og hafði Jón Óli, þjálfari liðsins, þetta um Avery að segja. „Hún er hávaxin og er líkamlega sterkur varnarmaður sem býr yfir góðri tækni og góðum taktískum skilningi. Gott auga fyrir samleik og getur leyst fleiri stöður á vellinum.“

Jovan Mitrovic gekk til liðs við ÍBV. Hann kom til ÍBV frá serbneska liðinu FK Indjija, þar sem hann hefur leikið síðustu 18 mánuði, í næst efstu deild. Jovan verður 24 ára á morgun, 25. janúar. Hann hefur leikið stórt hlutverk með liðinu á tímabilinu en hann lék sinn síðasta leik fyrir félagið 14. desember, hann lék 1780 af 1800 mínútum liðsins á leiktíðinni og var fyrirliði liðsins í 8 af 20 leikjum. Jovan kemur til með að styrkja lið ÍBV fyrir átökin í Bestu deildinni en hún hefst í byrjun apríl á leik gegn Víkingi Reykjavík. Þorlákur Árnason, þjálfari, hafði þetta að segja um leikmanninn: „Jovan er stór og sterkur miðvörður, sem þrátt fyrir ungan aldur hefur verið fyrirliði í liði sínu í Serbíu undanfarin ár. Við erum gríðarlega spenntir fyrir þessum leikmanni.“

Viggó Valgeirsson var valin til æfinga með U-19 ára landsliði Íslands í knattspyrnu.

Emil Gautason var valin til æfinga með U-15 ára landsliði Íslands í knattspyrnu.

FEBRÚAR

Lilja Kristín Svansdóttir lék í tveimur



stórsigurum íslenska u16 ára landsliðsins gegn Færeyingum um helgina. Hún lék með fyrirliðabandið um tíma í seinni leiknum sem vannst 7:0. Íslenska landsliðið skipað leikmönnum 16 ára og yngri lék tvo leiki gegn Færeyingum í Miðgarði um helgina. Fyrri leikurinn var á föstudaginn þar sem íslenska liðið sigraði 6:0 og sá seinni fór fram í dag og lauk með 7:0 sigri íslenska liðsins. Lilja lék með fyrirliðabandið síðustu 10 mínútur leiksins en hún lék í stöðu vinstri bakvarðar allar 180 mínútur leikjanna.

Alexander Örn Friðriksson var valin til æfinga með U-19 ára landsliði Íslands í knattspyrnu.

Alexander Örn Friðriksson, Heiðmar Þór Magnússon og Sigurður Valur Sigursveinsson skrifuðu undir samninga við knattspyrnudeild ÍBV. Strákarnir hafa allir leikið með yngri flokkum ÍBV upp allan sinn feril og eiga einnig allir systkini sem hafa leikið eða leika enn með meistaraflokkum ÍBV. Stjórn knattspyrnudeildar bindur miklar vonir við að framtíð leikmannanna verði björt og að þeir geti aðstoðað liðið í þeirri baráttu sem framundan er á næstu árum inni á vellinum. Alexander Örn er fæddur 2007 og lék 23 leiki á síðustu tveimur tímabilum með KFS í 3. og 4. deildinni, í þeim skoraði hann tvö mörk. Heiðmar er einnig fæddur 2008 en hann lék 17 leiki og skoraði í þeim 9 mörk á síðustu leiktíð með KFS. Sigurður er fæddur 2008 og lék 13 leiki fyrir KFS í 4. deildinni á síðustu leiktíð.

Erla Hrönn Unnarsdóttir, Friðrika Rut Sigurðardóttir, Hrafnhildur Kristín Kristleifsdóttir, Milena Mihaela Patru og Sienna Björt Garner voru valdar til að taka þátt í hæfileikamótun KSÍ.



Elvar Breki Friðbergsson, Jósúa Steinar Óskarsson, Kormákur Nól Guðmudsson og Þorvaldur Freyr Smára voru valdir til að taka þátt í hæfileikamótun KSÍ.

Ari Páll Hjarðar, Friðrika Rut Sigurðardóttir, Hrafnhildur Kristín Kristleifsdóttir, Lena María Magnúsdóttir, Sienna Björt Garner, Sigurrós Sverrisdóttir og Sindri Þór Orrason voru valin til að taka þátt í hæfileikamótun KSÍ.

Tanja Harðardóttir var valin til æfinga með U-15 ára landsliði stúlkna í handbolta.

Kristín Klara Óskarsdóttir og Lilja Kristín Svansdóttir voru valdar til æfinga með U-16 ára landsliði stúlkna í handbolta.

Agnes Lilja Styrmsdóttir og Klara Kára-dóttir voru valdar til æfinga með U-17 ára landsliði stúlkna í handbolta.

Alexandra Ósk Viktorsdóttir, Ásdís Halla Hjarðar og Birna María Unnarsdóttir voru valdar til æfinga með U-19 ára landsliði kvenna í handbolta.

Þorlákur Breki Baxter gekk til liðs við ÍBV á láni frá Stjórnum. Breki, eins og hann er kallaður, er á 20. aldursári og hefur leikið 65 leiki í deildarkeppni á Íslandi, flesta leikina eða rétt tæpan helming í Lengjudeildinni. Hann á fimm leiki með yngri landsliðum Íslands og hafði Þorlákur Árnason, þjálfari ÍBV, þetta um hann að segja. „Ég hef fylgst vel með framgangi Breka undanfarin ár, bæði með Selfossi og yngri landsliðum Íslands og var því mjög einbeittur á að fá hann til okkar þegar okkur bauðst hann á lán, Breki er áræðinn og beinskettur sóknarmaður með mikinn vilja til þess að bæta sig sem leikmaður.“

Víðir Þorvarðarson framlengdi samning sinn við knattspyrnudeild ÍBV til loka tímabilsins. Víðir er 32 ára leikmaður



sem er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum en hann flutti sig til Stjórnum þegar hann var í 2. flokki og lék þar sína fyrstu leiki í efstu deild, eftir að hafa leikið fyrstu leiki sína í meistaraflokki með KFS árið 2009. Víðir hefur síðan þá leikið 333 leiki í meistaraflokki og skorað í þeim 75 mörk, 140 leikjanna voru í efstu deild. Á síðustu leiktíð skoraði Víðir þrjú mörk í 16 leikjum þegar ÍBV tryggði sér sæti í efstu deild á nýjan leik. Víðir leikur aðallega í fremstu stöðum vallarins en hefur sýnt það að hann getur spilað í mjög mörgum leikstöðum.

Meistaraflokkur karla í handbolta lék í Final 4 í bikarkeppni HSÍ. Léku strákarnir gegn Stjórnum í undanúrslitum og þurftu að setta sig við tap.

MARS

6.flokkur karla, eldra ár í handbolta. Lék í bikarúrslitum gegn ÍR á Ásvöllum. Leikurinn var afar jafn og spennandi en endaði vel með sigri okkar manna 11-8. 6.flokkur karla því bikarmeistari og var því vel fagnað. Glæsilegur árangur. Dóra Sif Egilsdóttir var þjálfari flokksins.

Ísey Marí Övarsdóttir, Kristín Klara Óskarsdóttir og Lilja Kristín Svansdóttir valdar til æfinga með U-16 ára landsliði kvenna

Erlingur Birgir Richardsson skrifaði undir samning við handknattleiksdeild ÍBV. Hann stýrir meistaraflokksliði karla og tekur við af Magnúsi Stefánssyni sem tekur við meistaraflokksliði kvenna af Sigurði Bragasyni. Sigurður Bragason kemur inn í þjálfarateymi meistaraflokks karla og HBH.

Tanja Harðardóttir var valin til æfinga með U-15 ára landsliði kvenna

Erla Hrönn Unnarsdóttir, Friðrika Rut Sigurðardóttir, Hrafnhildur Kristín Kristleifsdóttir og Milena Mihaela Patru tóku þátt í Hæfileikamótun KSÍ

Þorvaldur Freyr Smáráson tók þátt í Hæfileikamótun KSÍ

Britney Cots framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild ÍBV.

Agnes Lilja Styrmsdóttir framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild ÍBV

Birna Dís Sigurðardóttir framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild ÍBV

Birna María Unnarsdóttir framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild ÍBV

Ásdís Halla Hjarðar framlengdi samning

sinn við handknattleiksdeild ÍBV

Fannar Ingi Gunnarsson var valin til æfinga með U-15 ára landsliði drengja í handbolta.

Einar Bent Bjarnason og Heimir Halldór Sigurjónsson voru valdir til æfinga með U-16 ára landsliði drengja í handbolta.

Anton Fran Sigurðsson og Sigurmundur Gísli Unnarsson voru valdir til æfinga með U-17 ára landsliði drengja í handbolta.

Andri Erlingsson, Elís Þór Aðalsteinsson og Jason Stefánsson voru valdir til æfinga með U-19 ára landsliði karla í handbolta. Embla Harðardóttir samdi við knattspyrnudeild ÍBV. mbla hefur spilað upp alla yngri flokkana hjá ÍBV og verið lykilmáður í sínum liðum síðustu ár.

Embla er 18 ára gömul en hún hefur leikið 26 meistaraflökksleiki fyrir ÍBV, 13 þeirra komu í Lengjudeildinni síðasta sumar, en á sama tíma var hún lykilmáður í U20-ára liði ÍBV sem vann sér sæti í A-deild að nýju.

Í lok mars hófst vinna sjálfboðaliða við lagningu hitalagna á Hásteinsvelli. Það má með sanni segja að þar hafi samtakamáttur félagsins komið skýrt fram. Vinnan við lagnirnar tók ekki nema sex daga. ÍBV-íþróttafélag vill þakka öllum þeim sem komu og lögðu verkefninu lið.

APRÍL

Marcel Zapytowski gekk til liðs við ÍBV. Marcel er 24 ára pólskur markvörður sem hefur leikið með Birkirkara, Korona Kielce og Resovia Rzeszow síðustu ár en hann er uppalinn hjá Wisla Plock.

Kristín Klara Óskarsdóttir og Lilja Kristín Svansdóttir valdar í lokahóp U-16 ára landsliðs kvenna til að taka þátt í UEFA development tournament í Eistlandi.

Tanja Harðardóttir valin til æfinga með U-15 ára landsliði kvenna

Emil Gautason valin til æfinga með U-15 ára landsliði karla

Kristín Klara Óskarsdóttir og Lilja Kristín Svansdóttir léku í öllum þremur leikjum U-16 ára landsliðs kvenna á UEFA development tournament í Eistlandi. Stúlkurnar gerðu sér lítið fyrir og unnu alla þrjá leikina.

Vicente Valor sneri aftur. Vicente sem er 26 ára miðju- og sóknarmaður yfirgaf ÍBV að lokinni síðustu leiktíð en hefur nú snúið aftur.

Vicente lék í 7 leikjum fyrir KR en hann hafði áður leikið í 27 leikjum fyrir ÍBV og skorað í þeim 11 mörk. Hann skrifar



nú undir 3 ára samning við ÍBV og getur leikið með liðinu í næsta leik, gegn Fram á fimmtudaginn.

Þorlákur Árnason, þjálfari ÍBV, var ánægður með að næla í Spánverjann.

„Það er gríðarlega ánægjulegt fyrir okkur Eyjamenn að endurheimta Vicente. Vicente er frábær miðjumaður og mun án nokkurs vafa verða lykilmáður í okkar liði.“

Meistaraflokkur karla í handbolta endaði sitt tímabil í átta liða úrslitum íslandsmótsins með því að tapa einvígi gegn spæku liði Aftureldingar.

Meistaraflokkur kvenna endaði sitt tímabil í átta liða úrslitum íslandsmótsins með því að tapa einvígi gegn Haukum.

Elís Þór Aðalsteinsson, Elmar Erlingsson, Hinrik Hugi Heiðarsson og Ívar Bessi Viðarsson voru valdir í 22 manna æfingahóp U-21 árs landsliðs karla fyrir HM í Póllandi.

Andri Erlingsson og Jason Stefánsson voru valdir í 16 manna lokahóp U-19 ára landsliðs karla í handbolta sem tók þátt í HM sem fram fór í Egyptalandi og á Opna Evrópumótinu í Svíþjóð. Elís Þór Aðalsteinsson var til taks ef til forfalla kæmi.

Alexandra Ósk Víktorsdóttir var valin í lokahóp U-19 ára landslið kvenna í handbolta fyrir Evrópumótið í Svartfjallalandi. Ásdís Halla Hjarðar og Birna María Unnarssdóttir voru til taks ef til forfalla kæmi.

Agnes Lilja Styrmsdóttir og Klara Kára-dóttir voru valdar í lokahóp U-17 ára landsliðs kvenna í handbolta sem tók þátt í EM í Svartfjallalandi og Ólympíuhátíð æskunnar í Norður Makedóníu.



Anton Frans Sigurðsson og Sigurmundur Gísli Unnarsson voru valdir í lokahóp U-17 ára landsliðs karla í handbolta sem tók þátt í Ólympíuhátíð æskunnar í Norður Makedóníu.

Kristín Klara Óskarsdóttir og Lilja Kristín Svansdóttir léku með U16-ára landsliði kvenna í knattspyrnu á Þróunarmóti UEFA í Eistlandi. Þær léku báðar í öllum leikjunum þremur og spiluðu sínar stöður virkilega vel. Ísland vann alla leiki sína á þróunarmótinu og léku stelpurnar okkar vel.

Daníel Þór Ingason og Sandra Erlingsdóttir semja við handknattleiksdeild ÍBV. Þarið skrifaði undir tveggja ára samning við ÍBV, þau hafa bæði leiki í Þýskalandi síðustu ár. Sandra með Tus Metzingen og Daníel með HBW Balingen-Weilsetten. Bæði eiga þau A-landsleiki fyrir Ísland. Daníel 39 og Sandra 35. Gríðarlegur styrkur fyrir handknattleiksdeildina.

MAÍ

Fannar Ingi Gunnarsson var valin til að taka þátt á æfingum hjá U-15 ára landsliði drengja í handbolta.

Tanja Harðardóttir var valin til að taka þátt á æfingum hjá U-15 ára landsliði stúlkna í handbolta.

6.flokkur karla, eldra ár í handbolta tryggði sér Íslandsmeistaratitil eftir alveg hreint ótrúlegan vetur. Liðið tapaði aðeins einum leik á öllu tímabilinu. Strákarnir náðu sér í fjóra deildarmeistaratitla áður en þeir tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn. Þjálfarar voru Dóra Sif Egilsdóttir, Petar Jokanovic, Pavel Miskevich, Morgan Goði Garner og Þorlákur Sigurbjörn Sigurjónsson. Ótrúlegur árangur



hjá strákunum.

5.flokkur kvenna, eldra ár í handbolta lauk sínu tímabili vel með því að tryggja sér brons á Íslandsmótinu. Þær hófu veturinn í b-deild sem þær unnu og litu síðan ekki til baka, léku í a-deild allan veturinn. Þjálfarar flokksins voru Gísli Steinar Jónsson og Magnús Stefánsson. Frábær árangur hjá stelpunum.

Lokahóf handknattleiksdeildarinnar fór fram í Kiwanis. Þar var tímabilið gert upp á skemmtilegu kvöldi. Verðlaunahafar voru:

3. flokkur kvenna

Besti leikmaðurinn:

Birna María Unnarsdóttir

Efnilegasti leikmaðurinn:

Agnes Lilja Styrmsdóttir

Mestu framfarirnar:

Alexandra Ósk Viktorsdóttir

ÍBV-ari: Anna Sif Sigurjónsdóttir

3. flokkur karla

Besti leikmaðurinn: Jason Stefánsson

Efnilegasti leikmaðurinn:

Haukur Leó Magnússon

Mestu framfarirnar:

Sæþór Ingi Sæmundsson

ÍBV-ari: Filip Ambroz

HBH

Besti leikmaðurinn:

Elís Þór Aðalsteinsson

Efnilegasti leikmaðurinn:

Egill Oddgeir Stefánsson

Mestu framfarirnar: Jón Ingi Elisson

Mjaldurinn: Helgi Þór Adólfsson

Meistaraflokkur kvenna

Besti leikmaðurinn:

Birna Berg Haraldsdóttir

Fréttabikarinn (efnilegasti leikmaðurinn):

Ásdís Halla Hjarðar

Mestu framfarirnar:

Bernódía Sif Sigurðardóttir

ÍBV-ari: Ásta Björt Júlíusdóttir

Meistaraflokkur karla

Besti leikmaðurinn: Dagur Arnarsson

Fréttabikarinn (efnilegasti leikmaðurinn):

Andri Erlingsson

Mestu framfarirnar:

Kristófer Ísak Bárðarson

ÍBV-ari: Gauti Gunnarsson

3 leikmenn karlaliðsins og 5 leikmenn kvennaliðsins voru heiðruð en þau kvöddu félagið eftir tímabilið, það eru þau Dagbjört Ýr Ólafsdóttir, Herdís Eiríks-



dóttir, Marta Wawrzynkowska, Karolina Anna Olszowa, Sunna Jónsdóttir, Breki Óðinsson, Gauti Gunnarsson og Pavel Miskevic. Ásamt þeim kvaddi Roland Eradze aðstoðarþjálfari karlaliðsins félagið.

3.flokkur karla og kvenna í handbolta léku í undanúrslitum á Íslandsmóti. Eftir frábæran vetur léku strákarnir gegn Val í undanúrslitum en þurftu að sætta sig við tap. Niðurstaðan því 3-4. sæti á Íslandsmótinu. Flottur árangur. Stelpurnar léku í undanúrslitum gegn HK og unnur frekar sannfærandi sigur. Í úrslitum léku stelpurnar svo gen Val en sá leikur tapaðist. Niðurstaðan því 2. sæti á Íslandsmóti sem er stórkostlegur árangur.

Glófaxi-félagsaðstaða var vígð. Eftir að Gullberg – líkamsrækt opnaði losnaði um gamla lyftingasalinn í Týsheimilinu. Ákveðið var að koma þar fyrir félagsaðstöðu fyrir yngri iðkendur félagsins. Notalegt afdrep fyrir krakka fyrir og eftir æfingar. Hefur aðstaðan nýst afskaplega vel þetta árið.

Erla Hrönn Unnarsdóttir, Lena María Magnúsdóttir og Sienna Björt Garner voru valdar til að taka þátt í hæfileikamótun HSÍ.

ÍBV-íþróttafélag í samstarfi við FÍV útskrifaði 5 nemendur úr Akademíu félagsins. Útskriftarnemar voru, Birkir Björnsson, Egill Oddgeir Stefánsson, Embla Harðardóttir, Nökkvi Guðmundsson og Rakel Perla Gústafsdóttir.

JÚNÍ

TM og Orkumót voru haldin. Mótin voru fjölmenn og fóru bæði fram í afar góðu veðri. Mikil ánægja var meðal mótsgesta enda eru mótin í farabroddi sumarmóta landsins. Þeir iðkendur ÍBV sem léku fyrir landslið mótanna voru bræðurnir Elmar og Benedikt Bjarkasynir, Arna Hlín Unnarsdóttir og Kolfinna Lind Tryggvadóttir. Kolfinna var einnig í TM-Móts



liðinu.

Tanja Harðardóttir lék með U-15 ára landsliði stúlkna í handbolta. Leiknir voru tveir leikir gegn Færeyjum og stóð Tanja sig afar vel.

Lokahóf yngri flokka í handbolta var haldið í íþróttahúsinu þar sem iðkendur fóru í leiki og gæddu sér á pylsum.

Eftirtaldir iðkendur fengu afhentar viðurkenningar:

5. flokkur kvenna

Mestu framfarir:

Lena María Magnúsdóttir

Efnilegust: Sienna Björt Garner

ÍBV-ari: Erla Hrönn Unnarsdóttir

5. flokkur karla:

Mestu framfarir, eldra ár:

Kristján Lárus Erlingsson

Mestu framfarir, yngra ár:

Emil Gauti Benónysson

Efnilegastur, eldra ár: Sindri Þór Orrason

Efnilegastur, yngra ár:

Gísli Christian Rúnarsson

ÍBV-ari, eldra ár:

Halldór Björn Sæþórsson

ÍBV-ari, yngra ár:

Hrafnkell Darri Steinsson

6. flokkur kvenna

Mestu framfarir, eldra ár:

Ingibjörg Emilía Sigþórsdóttir

Mestu framfarir, yngra ár:

Eva Laufey Leifsdóttir

Ástundun, eldra ár:

Lena María Ívarsdóttir

Ástundun, yngra ár:

Selma Dís Haukdal Birkisdóttir

ÍBV-ari, eldra ár:

Sara Rós Sindradóttir

ÍBV-ari, yngra ár: Íris Emma Ísförð

6. flokkur karla

Mestu framfarir, eldra ár:

Rúnar Örn Sigurjónsson
Mestu framfarir, yngra ár:
Ingólfur Máni Arnarsson
Ástundun, eldra ár:
Þórður Ágúst Hlynsson
Ástundun, yngra ár:
Sigdór Zacharie Hlynsson
ÍBV-ari, eldra ár: Nökkvi Dan Sindrason
ÍBV-ari, yngra ár: Sigurpáll Rúnarsson

ÍBV-íþróttafélag í samstarfi við GRV útskrifaði 22 nemendur úr Akademíu félagsins útskriftarnemar voru:

Atli Sindrason, Borghildur Lára Atladóttir Busk, Edda Dögg Sindradóttir, Einar Bent Bjarnason, Erlendur Gunnlaugsson, Ernir Ísak Elísson, Guðjón Elí Gústafsson, Halldór Skúli Björnsson, Heimir Halldór Sigurjónsson, Inda Marý Kristjánsdóttir, Ísey María Örvarsdóttir, Jól Þór Andersen, Kjartan Freyr Andreusson, Kristín Klara Óskarsdóttir, Lilja Kristín Svansdóttir, Marianna Jónasdóttir, Petra Metta Kristjánsdóttir, Pétur Dan Gunnarsson, Sandra Björg Gunnarsdóttir, Sigurmundur Gísli Unnarsson, Sóley Óskarsdóttir og Tómas Sveinsson.

Anton Frans Sigurðsson og Sigurmundur Gísli Unnarsson léku með U-17 ára landsliði karla í handbolta á Nordic Open í Færeyjum. Leiknir voru þrír leikir og unnust tveir. Stóðu okkar menn sig með stakri þryði.

Alexandra Ósk Viktorisdóttir og Birna María Unnarisdóttir léku með U-19 ára landsliði kvenna í handbolta. Leiknir voru tveir æfingaleikir gegn Færeyjum. Báðir leikir enduðu með sigri Íslands.

Agnes Lilja Styrmsdóttir og Klara Káradóttir léku með U-17 ára landsliði kvenna

í handbolta. Leiknir voru tveir leikir gegn Færeyjum sem enduðu báðir með sigri Íslands.

Elmar Erlingsson, Hinriki Hugi Heiðarsson og Ívar Bessi Viðarsson léku með U-21 árs landsliði karla á HM í Póllandi. Eftir riðlakeppnina komust strákarnir ekki í 16-liða úrslit en riðlakeppninnar verður sennilega minnst fyrir framgöngu Elmars í leik gegn Færeyjum þar sem hann skoraði ekki nema 17 mörk! Í milliriðli unnu strákarnir tvo stóra sigra á Mexíkó og Marokkó. Mótið endaði á sigri gegn gestgjöfunum. Elmar Erlingsson var markahæstur liðsins á mótinu.

Amalie Fröland samdi við handknattleiksdeild ÍBV. Amalie er markvörður sem kemur frá Kristianstad í Svíþjóð.

JÚLÍ

Nýtt gervigras var vígt á Hásteinsvelli við hátíðlega athöfn fyrir leik meistaraflokks kvenna gegn Grindavík/Njarðvík.

Tanja Harðardóttir valin til æfinga með U-16 ára landsliði kvenna

Emil Gautason valin til æfinga með U-16 ára landsliði karla

Andri Erlingsson og Elís Þór Aðalsteinson léku með U-19 ára landsliði karla á European Open í Gautaborg. Eftir frábært mót léku strákarnir til úrslita gegn Spánverjum sem reyndust erfiðir. Leiknum lauk með sigri Spánar og enduðu strákarnir því mótið með silfri. Frábær árangur og okkar strákar að leika vel.

Magdalena Jónasdóttir skrifaði undir sinn fyrsta samning við knattspyrnudeild ÍBV. Magdalena spilaði sína fyrstu meistaraflokksleiki í Lengjubikarnum í fyrra en þá kom hún einnig við sögu í síðasta

deildarleiknum á því tímabili. Á þessu ári hefur Magdalena leikið í 12 leikjum, þar af 7 í deild og Mjólkurbikar. Hún leikur einnig lykilhlutverk í sameiginlegu liði ÍBV og Grindavík/Njarðvík í U20 ára liði kvenna.

Þorri Heiðar Bergmann skrifaði undir samning við knattspyrnudeild ÍBV. Þorri hefur leikið með þremur yngri landsliðum Íslands, U-15, U-16 og U-17 síðustu ár. Hann kemur til liðsins frá Víkingi Reykjavík þar sem hann hefur leikið upp alla yngri flokkana.

Elvis Bwonomo skrifaði undir samning við knattspyrnudeild ÍBV. Fyrst kom Elvis til liðsins árið 2022 og lék þá með ÍBV tvö leiktímabil en hann var eftir tímabilið 2023 valinn besti leikmaður ÍBV. Hann er fyrst og fremst öflugur varnarmaður en hann getur leyst flestar stöðurnar í öftustu línu með þryði. Elvis verður 27 ára seinna á árinu en hann var á mála hjá skoska liðinu St. Mirren. Elvis kemur frá Úganda eins og margir öflugir leikmenn sem spila að hafa fyrir ÍBV en hann á að baki tvo landsleiki fyrir þjóðina. Hann hefur samtals leikið 48 leiki fyrir ÍBV.

Anton Fran Sigurðsson og Sigurmundur Gísli Unnarsson léku með U-17 ára landsliði karla í handbolta á Ólympíuhátíð æskunnar. Skemmst er frá því að segja að drengirnir unnu mótið. Þess má geta að í strákarnir mættu Þjóðverjum í úrslitaleik sem vannst 28-25. Anton Frans skoraði sex mörk í þeim leik og Sigurmundur varði 12 skot.

Agnes Lilja Styrmsdóttir og Klara Káradóttir léku með U-17 ára landsliði kvenna í handbolta á Ólympíuhátíð æskunnar. Stelpurnar léku frábærlega á mótinu og enduðu með bronsið í höndunum. Leikurinn um þriðja sætið var gegn Hollandi og vannst 31-26. Agnes Lilja skoraði 3 mörk og Klara eitt mark.

Andri Erlingsson og Elís Þór Aðalsteinson léku með U-19 ára landsliði karla í handbolta á HM í Egyptalandi. Strákarnir náðu flottum árangri og enduðu mótið á því að leika við gestgjafa, Egypta, í leik um 5. sætið. Strákarnir urðu að setta sig við tap í leiknum og sjötta sætið því niðurstaðan sem verður að teljast frábær árangur.

Alexandra Ósk Viktorisdóttir lék með U-19 ára landsliði kvenna í handbolta á EM í Svartfjallalandi. Stelpurnar stóðu sig vel og enduðu mótið á leik um 15. sætið gegn Tyrklandi. Leikurinn gegn Tyrkjum var afar auðveldur fyrir stelpurnar sem



unnu 36-24. Niðurstaðan því 15. sæti á evrópumóti.

ÁGÚST

Þjóðhátíð fór fram daganna 1.-3. ágúst og setti veðrið svip sinn á hátíðina. Hátíðin var fjölmenn þrátt fyrir vonda veðurspá í aðdragandanum. Föstudagskvöldið gerði þó aftakaveður í Herjólfsdal. Veðurofsi var slíkur að stóra björtjaldið féll saman og eyðilagðist. Þar hefði getað farið mun verr ef ekki hefði verið fyrir skjót viðbrögð þjóðhátíðarnefndar og annarra viðbragðsaðila. Herjólfs höll var opnuð fyrir veðurbarna gesti og voru fjölmargir sem nýttu sér aðstöðuna þar. Einstaklega góð hegðun og framkoma gesta sem nýttu sér höllina var ánægjuleg. Á laugardegnum má segja að samtakamáttur samfélagsins hafi sýnt sig. Hópur fólks bauðst til að sækja blautan útilegubúnað og fatnað til að þurrka fyrir gesti. Þjóðhátíðarnefnd sótti nýtt björtjald og kom því upp með aðstoð fjölmargra sjálfboðaliða. Þegar dagskrá hófst að kvöldi laugardags var ekki að sjá að neitt hefði skéð kvöldið áður. ÍBV-íþróttafélag vill fá að þakka öllum þeim sem komu að því aðstoða félagið við þessar áskoranir.

Allison Patricia Clark framlengdi samning sinn við knattspyrnudeild ÍBV út næsta keppnistímabil. Ally eins og hún er kölluð er 24 ára miðjumaður sem getur þó leikið í flest öllum sóknarstöðunum einnig.

Erla Hrönn Unnarsdóttir, Friðrika Rut Sigurðardóttir og Milena Mihaela Patru voru valdar til æfinga með U-15 ára landsliði kvenna

Edda Dögg Sindradóttir og Kristín Klara Óskarsdóttir voru valdar til æfinga með

U-17 ára landsliði kvenna

4.flokkur kvenna í knattspyrnu átti magnað tímabil. Ótrúlegur stígandi í þessu liði sem endaði sumarið með frábærum árangri. Þjálfarar flokksins voru Andri Ólafsson og Kjartan Freyr Stefánsson. Flokkurinn hóf leik í C-riðli í fyrstu lotu. Eftir lotuna var ljóst að flokkurinn átti ekki heima þar. Stelpurnar enduðu í efsta sæti riðilsins og tryggði sig þar með upp um riðil. Unnu 4 leiki en gerðu eitt jafntefli. Markahæst í þessari lotu var Milena Mihaela Patru en hún skoraði hvorki meira né minna en 22 mörk í fimm leikjum. Flokkurinn skoraði alls 33 mörk í lotunni en það gera 6,6 mörk í leik. Flokkurinn tók einnig þátt í Bikarkeppni KSÍ en í fyrstu umferð mættu stelpurnar liði Þróttar. Stelpurnar áttu ekki miklum erfiðleikum með það og unnu leikinn 4-0. Í annarri lotu sumarsins léku stelpurnar í B-riðli. Eftir tap í fyrsta leik riðilsins litu stelpurnar ekki um öxl og enduðu lotuna í fyrsta sæti riðilsins. Unnu fjóra leiki en töpuðu einum. Milena Mihaela Patru var aftur markhæst með 14 mörk. Eftir tvær lotur var Milena því búin að skora 36 mörk í tíu leikjum. Í annarri umferð Bikarkeppni KSÍ drógust stelpurnar gegn Haukum. Hauka-stelpur reyndust ekki mikil fyrirstaða og vannst leikurinn 6-1 á heimavelli.

Í þriðju lotu voru stelpurnar loks komnir á jafningja grundvöll, A-riðil. Í lok lotunnar enduðu stelpurnar í 3. sæti A-riðils. Unnu einn leik, gerðu tvö jafntefli og töpuðu tveimur. Algerlega frábært árangur hjá stelpunum. 3. sæti á Íslandsmóti. Markahæst eftir þriðju lotu var aftur Milena Mihaela Patru með sjö mörk en það gera 43 mörk í 15 leikjum.

Þegar komið var í 8-liða úrslit Bikarkeppni KSÍ mættu stelpurnar KR. Sá leikur vannst 3-1 á heimavelli og stelpurnar því komnar í undan-úrslits bikarsins. Í undan-úrslitum mætti flokkurinn RKN. Stelpurnar þurftu að sætta sig við tap í hörkuleik á útivelli. Frábær árangur í bikarkeppni. Markahæst í bikarkeppni var Milena Mihaela Patru með 6 mörk í fjórum leikjum. Það gera þá í heildina 47 mörk í 19 leikjum hjá Milenu sem er mikill markahrókur.

Tanja Harðardóttir valin til æfinga með U-16 ára landsliði kvenna

Agnes Lilja Styrmissdóttir og Klara Káradóttir léku með U-17 ára landsliði kvenna á EM í Svartfjallalandi. Stelpurnar áttu flott mót. Sigur vannst gegn Færeyjum í riðlinum. Í milliriðli mættu stelpurnar svo Serbum og Norðmönnum. Stelpurnar gerðu jafntefli gegn Serbum en tap var niðurstaðan gegn Noregi. Stelpurnar náðu þó að hefna fyrir það tap í leik gegn Noregi um 17. sætið eftir sigur á Rúmenum á Austuríki.

Meistaraflokkur kvenna tryggði sér sigur í Lengjudeild kvenna og þar með þátttökurétt í Bestu deildinni næsta sumar. Tímabilið var gersamlega frábært hjá stelpunum. Stelpurnar léku 18 leiki, unnu 16, gerðu eitt jafntefli og töpuðu aðeins einum leik. Það má segja að stelpurnar hafi skorað að vild í allt sumar en mörkin voru 78 sem gera 4,3 mörk að meðaltali í leik. Varnaleikur og markvarsla var einnig í hæsta gæðflokki en stelpurnar fengu aðeins á sig 15 mörk sem gera 0,8 mörk að meðaltali í leik. Allison Grace Lowrey var markahæst með 25 mörk í deildinni. Í uppgjöri fotbolta.net átti ÍBV fimm fulltrúa í liði ársins, Guðný Geirs-



dóttur, Avery Mae Vanderven, Allison Clark, Allison Lowrey og Olgu Sevcova. Þá var Allison Grace Lowrey valin leikmaður ársins. Einnig vakti framgangna ungra leikmann athygli.

Stelpurnar áttu einnig frábæra bikarkeppni og unnu á leið sinni í undanúrslitin Tindastól nokkuð sannfærandi en Tindastóll leikur deild ofar. Í undanúrslitum mættu stelpurnar svo ef ti vill besta liði landsins, Breiðablik. Í fyrri hálfleik mátti ekki sjá að það væri deildarmunur á liðunum en ÍBV leiddi 2-0 eftir 48 mínútur. Stelpurnar þurftu þó að sætta sig við tap 3-2 en leikurinn var frábær hjá stelpunum sem gáfu allt í þetta.

Haukur Leó Magnússon skrifaði undir sinn fyrsta samning við handknattleiksdeild ÍBV.

Nökkvi Snær Óðinsson framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild ÍBV.

Ísak Rafnsson framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild ÍBV.

Ásta Björt Júlíusdóttir framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild ÍBV.

SEPTEMBER

Birna Berg Haraldsdóttir og Sandra Erlingsdóttir voru valdar til æfinga með A-landsliði kvenna.

Olga Sevcova framlengdi samning sínum við knattspyrnudeild ÍBV. Þegar Olga kom fyrst til landsins og gekk í raðir ÍBV árið 2020 þá gerði hún samning út það keppnistímabil, fáir hefðu því giskað á að hún væri enn hjá félaginu nú 5 árum seinna að framlengja samning sinn. Olga er löngu orðin þekkt í Vestmannaeyjum og á Íslandi fyrir gæðin sem hún býr yfir og sýnir inni á fótboltavellinum. Þessi 33 ára knattspyrnukona hefur nú flutt fjölskyldu sína til Eyja og eru þau orðin fyrir löngu hluti af ÍBV-fjölskyldunni í Vestmannaeyjum. Hún hefur leikið við góðan orðstír allt frá komu hennar til landsins en auk þess að leika með ÍBV lék hún í nokkra mánuði á láni hjá Fenerbahce og leikur reglulega með lettneska landsliðinu þar sem hún hefur 8 sinnum verið valin leikmaður ársins.

Erla Hrönn Unnarsdóttir, Friðrika Rut Sigurðardóttir, Milena Mihaela Patru og Sienna Björt Garner valdar til æfinga með U-15 ára landsliði kvenna

5.flokkur karla í knattspyrnu náði frábærum árangri þetta sumar, árangri sem síðast náðist fyrir 17 árum. Þjálfara flokksins voru Andri Ólafsson, Guð-

mundur Tómas Sigfússon, Óskar Elías Zoega og Kjartan Freyr Stefánsson. Nóg var um að vera hjá flokknum þetta árið. Þeir tóku þátt í Faxaflóamóti, nokkrum dagsmótum, Íslandsmóti og að sjálfsgöðu N1 móti á Akureyri. Þar stóðu strákarnir sig afar vel og voru sér og félaginu til mikil sóma. Eitt lið vann til verðlauna, eitt lið vann silfur og tvö lið tóku brons. Sannarlega flottur árangur.

Einnig náðist stórkostlegur árangur á Íslandsmóti. A-lið flokksins lék í B-deild og lenti í 2.sæti riðilsins og tók þarf af leiðandi þátt í umspili. Þar mættu þeir Sindra/Neista í algerum spennuleik sem fór alla leið í vítaspyrnukeppni sem endaði með sigri okkar stráka og þeir því komnir í 4-liða úrslit. Hin þrjú liðin í undanúrslitum voru Breiðablik, Stjarnan og Þróttur, þrír af fjölmennustu 5.flokkum landsins og því ljóst að við erfiða andstæðinga yrði að etja. ÍBV dróst gegn Stjörnunni. Leikurinn var afar spennandi og jafn en á endanum reyndust Stjörnu-strákar örliíftið sterkari en þeir unnu á endanum 5-2 sigur. Strákarnir okkar lögðu þó allt í sölurnar og mega vera afar stoltir af sínum árangri. 3-4 sæti á Íslandsmóti er frábær árangur.

Kristín Klara Óskarsdóttir var valin í lokahóp U-17 ára landsliðs kvenna fyrir æfingamót í Porto. Kristín Klara var í byrjunarliði á báðum leikjum liðsins. Liðið vann sigur gegn Wales og Portúgal. Kristín Klara stóð sig frábærlega í þessum leikjum.

Lokahóp yngri flokka í knattspyrnu fóru fram í Týsheimili þar sem iðkendur komu saman og áttu góða stund.

5. flokkur kvenna:

Þjálfarar: Trausti Hjaltason, Sigþóra Guðmundsdóttir og Yngvi Borgþórsson

•Yfir 100 lið tóku þátt í Íslandsmóti árið 2025.

•Kolfinna Lind var markahæst í riðlakeppni Íslandsmóts 5. flokks á öllu landinu með 25 mörk í 8 leikjum.

•ÍBV sendi 3 lið til leiks. Lið 1 var á öllum stóru mótunum í ca. 14-16 sæti af 100+ liðum.

•Stóru mót sumarsins voru: TM Mótið í Eyjum, Síamamót í Kópavogi og Íslandsmót.

•Spilað er í 7-8 manna liðum á aldrinum 11-12 ára.

•Um 30 stelpur eru í ÍBV.

•Æft 4x í viku í sumar auk leikja.

Besta ástundun:

Yngri: Kristín Dóra Guðjónsdóttir

Eldri: Sara Rós Sindradóttir

Framfarir:

Yngri: Selma Dís Haukdal Birkisdóttir

Eldri: Sara Huld Elvarsdóttir

ÍBV-ari:

Yngri: Anna Rakel Baldvinsdóttir

Eldri: Kolfinna Lind Tryggvadóttir

5. flokkur karla:

Þjálfarar: Guðmundur Tómas Sigfússon, Andri Ólafsson, Kjartan Freyr Stefánsson og Óskar Elías Zoega Óskarsson

•Tæplega 200 lið tóku þátt í Íslandsmóti árið 2025.

•ÍBV sendi 5 lið til leiks. Flokkurinn vann sér inn sæti í A riðli á næsta ári.

•Fóru í undanúrslit Íslandsmótsins í fyrsta sinn í 17 ár.

•Stóru mót sumarsins voru: N1 mótið á Akyreyri, Olís mótið á Selfossi og Íslandsmót.

•Spilað er í 7-8 manna liðum á aldrinum 11-12 ára.

•Tæplega 50 strákar eru í ÍBV.

•Æft 4x í viku í sumar auk leikja.

Besta ástundun:

Yngri: Kristian Leví Arneyjarson

Eldri: Eric Eduardo Magnason

Framfarir:

Yngri: Baltasar Þór Einarsson

Eldri: Kristján Kári Kristjánsson

ÍBV-ari:

Yngri: Ólafur Andrasón

Eldri: Þórður Ágúst Hlynsson

4. flokkur kvenna:

Þjálfarar: Andri Ólafsson og Kjartan Freyr Stefánsson

•Tæplega 60 lið tóku þátt í Íslandsmóti árið 2025.

•ÍBV sendi 1 lið til leiks. Enduðu í 3 sæti í A riðli.

•Stóru mót sumarsins voru: ReyCup, Bikarkeppni og Íslandsmót.

•Komust í undanúrslit í Bikarkeppninni.

•Spilað er í 11 manna liðum á aldrinum 13-14 ára.

•Tæplega 20 stelpur eru í ÍBV.

•Æft 4x í viku í sumar auk leikja.

Efnilegust:

Yngri: María Sigrún Jónasdóttir

Eldri: Milena Mihalea Patru

Framfarir:

Yngri: Kara Kristín V. Gabrielsdóttir

Eldri: Lena María Magnúsdóttir

ÍBV-ari:

Yngri: Bríet Ósk Magnúsdóttir



Eldri: Ísafold Dögun Örvarsdóttir

4. flokkur karla:

Þjálfarar: Todor Hristov og Yngvi Borgþórsson

- Um 130 lið tóku þátt í Íslandsmóti árið 2025.
- ÍBV sendi 2 lið til leiks. Lið 1 lenti í 3 sæti í sínum riðli og lið 2 vann sinn riðil.
- Stóru mót sumarsins voru: ReyCup, Bikarkeppni og Íslandsmót.
- Lið lendaði í 3 sæti í sínum styrkleika og lið 2 unnu sinn styrkleika á ReyCup.
- Spilað er í 11 manna liðum á aldrinum 13-14 ára.
- Um 30 strákar eru í ÍBV.
- Æft 4x í viku í sumar auk leikja.

Efnilegastur:

Þórður Ýmir Eyþórsson
Kormákur Nóel Guðmundsson

Framfarir:

Daníel Ingi Hallsson
Bjartur Tryggvason

ÍBV-ari:

Þórir Bjarnason
Kastíel Sigurhansson

3. flokkur kvenna:

Þjálfarar: Guðmundur Tómas Sigfússon

- Um 40 lið tóku þátt í Íslandsmóti árið 2025.
- ÍBV sendi 1 lið til leiks. Unnu sér inn sæti í A riðli á næsta ári.
- Stóru mót sumarsins voru: ReyCup, Bikarkeppni og Íslandsmót.
- Spilað er í 11 manna liðum á aldrinum 15-16 ára.
- 15 stelpur eru í ÍBV.
- Æft 4x í viku í sumar auk leikja.

Besti leikmaðurinn:

Ísey María Örvarsdóttir

Framfarir:

Tanja Harðardóttir

ÍBV-ari:

Bergdís Björnsdóttir

3. flokkur karla:

Þjálfarar: Andri Ólafsson

- Um 80 lið tóku þátt í Íslandsmóti árið 2025.
- ÍBV sendi 1 lið til leiks. Enduðu í 3 sæti í sínum riðli.
- Stóru mót sumarsins voru: ReyCup, Bikarkeppni og Íslandsmót.
- Spilað er í 11 manna liðum á aldrinum 15-16 ára.
- Um 20 strákar eru í ÍBV.
- Æft 4x í viku í sumar auk leikja.

Besti leikmaðurinn:

Emil Gautason

Framfarir:

Arnór Sigmarsson

ÍBV-ari:

Aron Sindrason

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu lauk leik í Bestu deild, fyrir skiptingu með jafntefli gegn Breiðabliki. Strákarnir enduðu því í neðri hlutanum en voru grátlega nálægt því að koma sér í efri hlutan en að eins markatala skildi að ÍBV og Fram.

OKTÓBER

Tanja Harðardótti valin til æfinga með U-16 ára landsliði kvenna í knattspyrnu.

Edda Dögg Sindradóttir, Ísey María Örvarsdóttir og Kristín Klara Óskarsdóttir voru valdar til æfinga með U-17 ára landsliði kvenna í knattspyrnu.

Magdalena Jónasdóttir var valin til æfinga með U-19 ára landsliði kvenna í knattspyrnu.

Erla Hrönn Unnarsdóttir, Friðrika Rut Sigurðardóttir, Milena Mihaela Patru og Sienna Björt Garner voru valdar til æfinga með U-15 ára landsliði kvenna í knattspyrnu.

Kristín Klara Óskarsdóttir var valin í lokahóp U-17 ára landsliðs kvenna í knattspyrnu fyrir undankeppni EM.

Alexandra Ósk Viktorsdóttir, Ásdís Halla Hjarðar og Birna María Unnarsdóttir voru valdar til æfinga með U-20 ára landsliði kvenna í handbolta.

Agnes Lilja Styrmsdóttir og Klara Káradóttir voru valdar til æfinga með U-18 ára landsliði kvenna í handbolta.

Söldís Sif Kjartansdóttir og Tanja Harðardóttir voru valdar til æfinga með U-16 ára landsliði kvenna í handbolta.

Erla Hrönn Unnarsdóttir, Lena María Magnúsdóttir og Sienna Björt Garner voru valdar til æfinga með U-15 ára landsliði kvenna í handbolta.

Marcel Zapitowski framlengdi samning sinn við knattspyrnudeild ÍBV.

Lokahóf knattspyrnudeildar var haldið í Akóges. Guðný Geirsdóttir og Felix Örn Friðriksson heiðruð fyrir stórkostlegt framlag sitt til félagsins – Guðný fyrir að hafa leikið 100 leiki og Felix Örn fyrir 200 leiki í treyju ÍBV. Þá var Jón Ingason kvaddur með þakklætisorðum eftir að hafa ákveðið að leggja skóna á hilluna. Eftirtaldir hlutu viðurkenningar:

Meistaraflokkur kvenna:

Besti leikmaðurinn: Olga Sevcova

ÍBV-ari: Allison Grace Lowrey

Markahæsti leikmaðurinn:

Allison Grace Lowrey

Fréttabikarinn/efnilegasti leikmaðurinn:

Kristín Klara Óskarsdóttir

Meistaraflokkur karla:

Besti leikmaðurinn:

Alex Freyr Hilmarsson

ÍBV-ari: Jörgen Pettersson

Markahæsti leikmaðurinn:

Hermann Þór Ragnarsson

Fréttabikarinn/efnilegasti leikmaðurinn:

Þorlákur Breki Baxter

2. flokkur kvenna

Besti leikmaðurinn: Embla Harðardóttir

ÍBV-ari: Erna Sólveig Davíðsdóttir

Mestu framfarir: Madgalena Jónasdóttir

2. flokkur karla

Besti leikmaðurinn:

Alexander Örn Friðriksson

ÍBV-ari: Gabriel Þór Harðarson

Mestu framfarir:

Sigurður Valur Sigursveinsson

Andri Erlingsson og Elís Þór Aðalsteinsson voru valdir til æfinga með U-20 ára landsliði karla í handbolta og til þátttöku í æfingaleikjum gegn Grænlandi. Andri lék leikina gegn Grænlandi og bar fyrirliðabandið. Elís Þór varð að draga sig úr hópnum vegna meiðsla.

Anton Frans Sigurðsson, Morgan Goði Garner og Sigurmundur Gísli Unnarsson voru valdir til æfinga með U-18 ára landsliði karla í handbolta.

Fannar Ingi Gunnarsson var valin til æfinga með U-16 ára landsliði karla í handbolta.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu tryggði sér áframhaldandi veru í Bestu deild. Fyrir tímabilið voru sérfræðingar sammála um það að ÍBV myndi falla niður í Lengjudeild. Strákarnir afsönnuðu þær kenningar snemma sumars með góðri spilamennsku. Tímabilið var kaflaskipt en endaði með 3. sæti í neðri hlutanum og héldu strákarnir sæti sínu nokkuð örugglega. Frábær sigur vannst gegn Víkingum í bikarkeppninni. Leikið var á Þórsvelli í smá golu. Strákarnir léku á alls oddi og unnu sannfærandi 3-0 sigur.

NÓVEMBER

Erla Hrönn Unnarsdóttir, Friðrika Rut Sigurðardóttir og Milena Mihaela Patru voru valdar í lokahóp U-16 ára landslið



kvenna til að taka þátt í UEFA Development Tournament í Englandi.

Emil Gautason valin til æfinga með U-16 ára landsliði karla

Kristín Klara Óskarsdóttir var í byrjunarliði U-17 ára landsliði kvenna sem vann sterkan sigur á Færeyjum 6-2. Stelpurnar unnu einnig sigur gegn Slóveníu og tryggðu sig þar með upp í A-deild undankeppnarinnar.

Erla Hrönn Unnarsdóttir og Friðrika Rut Sigurðardóttir léku með U-15 ára landsliði kvenna á UEFA Development Tournament í Englandi. Leikið var gegn sterkum liðum Englands, Þýskalands og Tyrklands. Erla Hrönn kom inn á gegn Englandi. Erla og Friðrika voru báðar í byrjunarliði í leiknum gegn Þýskalandi. Friðrika var í byrjunarliði gegn Tyrklandi en Erla Hrönn kom inn á.

Sandra Erlingsdóttir var valin í HM-hóp A-landsliðs kvenna í handbolta.

Alexandra Ósk Viktorsdóttir, Ásdís Halla Hjarðar og Birna María Unnarsdóttir voru valdar til æfinga með U-20 ára landsliði kvenna í handbolta.

Agnes Lilja Styrmsdóttir og Klara Káradóttir voru valdar til æfinga með U-18 ára landsliði kvenna í handbolta.

Sóldís Sif Kjartansdóttir, Sienna Björt Garner og Tanja Harðardóttir voru valdar til æfinga með U-16 ára landsliði kvenna í handbolta.

Erla Hrönn Unnarsdóttir og Lena María Magnúsdóttir voru valdar til æfinga með U-15 ára landsliði kvenna í handbolta.

Helena Hekla Hlynsdóttir framlengdi samning sinn við knattspyrnudeild ÍBV. Helena Hekla lék með ÍBV árið 2018 og 2019 en hefur síðan leikið með ÍBV síðustu þrjú leiktímabil frá því að hún skipti

til félagsins frá Selfossi á miðju tímabili 2023. Hún hefur verið einn af betri bakvörðum Lengjudeildarinnar síðustu ár og því mikið gleðiefni að hún verði áfram leikmaður félagsins næstu tvö tímabil. Þrátt fyrir ungan aldur hefur þessi 22 ára leikmaður mikla reynslu sem mun nýtast ungu liði ÍBV vel á næstu tveimur tímabilum.

Ari Petersen skrifaði undir samning við knattspyrnudeild ÍBV. Ari er 22 ára markvörður sem lék alla leikina fyrir færeyska U21 árs landsliðið í síðustu undankeppni. Í ár lék Ari fyrir færeyska efstu deildarliðið 07 Vestur, hann var fyrirliði liðsins og lék alla 27 leiki liðsins í Betri-deildinni. „Ari kemur inn eftir að Hjörvar yfirgaf félagið í haust, hans hlutverk er að berjast við Marcel um markmannsstöðuna. Ari er mjög góður á boltanum og þá er hann sterkur maður gegn manni. Hann var fyrirliði 07 Vestur í ár þannig að við teljum að við séum að fá mjög sterkan persónuleika.“

Sesar Örn Harðarson skrifaði undir samning við knattspyrnudeild ÍBV. Hann er 19 ára sóknarmaður sem kemur til með að auka breidd liðsins fram á við á komandi leiktíð. Sesar gerir tveggja ára samning við knattspyrnudeildina. Hann lék í 13 leikjum Selfoss af þeim 22 sem liðið spilaði í Lengjudeildinni í ár og skoraði eitt mark. Hann lék 3 leiki með U17 ára landsliði Íslands árið 2023 og lék 2 leiki með U19 ára liðinu í fyrra. „Sesar er efnilegur sóknarleikmaður sem getur búið til hluti upp á eigin spýtur, ég er virkilega spenntur að byrja að vinna með honum,“ Eiður Atli Rúnarsson skrifaði undir samning við knattspyrnudeild ÍBV. Eiður sem er 23 ára varnarmaður lék með HK í Lengjudeildinni í ár en samtals á hann 52 leiki í þeirri deild, hann á 17 leiki í Bestu deildinni sem hann lék með HK árið 2023. Eiður er flottur karakter og góður leikmaður sem getur leyst flestar stöður varnarlega og miðsvæðis. Hann skrifar undir þriggja ára samning við knattspyrnudeildina.

Sandra Erlingsdóttir lék á HM kvenna í handbolta í Þýskalandi og bara fyrirliðabandið. Þess má geta að fleiri stelpur frá ÍBV léku einnig með landsliðinu á þessu móti. Díana Dögg Magnúsdóttir, Elísa Elíasdóttir og Rakel Oddný Guðmundsdóttir voru einnig í hópnum en ÍBV átti flesta uppalda leikmenn í hópnum. Þjálfari liðsins er að sjálfsögðu Arnar Pétursson Mótið var kaflaskipt hjá stelpunum en

stelpurnar enduðu mótið í 21. sæti.

DESEMBER

Arnar Breki Gunnarsson framlengdi samning sinn við knattspyrnudeild ÍBV. Arnar er 23 ára sóknarmaður sem hefur leikið í Vestmannaeyjum allan sinn feril, bæði með ÍBV og KFS. Þrátt fyrir ungan aldur hefur þessi frábæri og duglegi leikmaður leikið 140 leiki fyrir ÍBV og KFS en tæplega helmingur þeirra hefur komið í Bestu deildinni. Hann á að baki einn leik fyrir U21 árs landslið Íslands. Meiðsli hafa sett strik í reikninginn hjá Arnari síðustu ár en þegar hann hefur haldist heill hefur hann leikið frábærlega og verið lykilmáður í liði ÍBV.

Þorlákur Árnason lét af störfum sem þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu. Tanja Harðardóttir var valin til æfinga með U-16 ára landsliði kvenna í knattspyrnu.

Andri Erlingsson var valin til æfinga með U-20 ára landsliði karla í handbolta. Heimir Halldór Sigurjónsson og Morgan Goði Garner vou valdir til æfinga með U-18 ára landsliði karla í handbolta.

Fannar Ingi Gunnarsson var valin til æfinga með U-16 ára landsliði karla í handbolta.

Birna Dögg Egilsdóttir framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild ÍBV.

Anton Frans Sigurðsson og Sigurmundur Gísli Unnarsson léku með U-18 ára landsliði karla í handbolta á Sparkassen Cup. Strákarnir léku frábærlega á mótinu og unnu fyrstu fjóra leiki sína. Í úrslitaleik mótsins mætti liðið Þjóðverjum og þurftu að setta sig við tap. Niðurstaðan því silfur eftir flott mót. Anton og Sigurmundur léku báðir stórt hlutverk fyrir liðið.

Eftir þess yfirferð er rétt að þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi ÍBV-íþróttafélags með einum eða öðrum hætti. Starfsfólk, stjórnarfolk, þjálfarar, sjálfboðaliðar, foreldrar og iðkendur. Það er samstillt átak að gera það sem við gerum eins vel og raunin er. ÍBV-íþróttafélag er ein stærsta lífæð samfélagsins og það er ykkur öllum að þakka.

Starfsfólk ÍBV-íþróttafélags óskar öllum gleðilegs árs og þakkar fyrir allt gamalt og gott.

Áfram ÍBV

Ellert Scheving Pálsson

framkvæmdastjóri ÍBV íþróttafélags.

Starfsskýrsla Ægis Íþróttafélags fyrir starfsárið 2025



Árið 2025 var skemmtilegt hjá íþróttafélaginu Ægis eins og öll önnur ár. Við byrjuðum árið á því að fara á Íslandsmót í sveitakeppni í Reykjanesbæ þar sem okkar fólk stóð sig gríðarlega vel. Anton, Guðni Davíð og Róbert gerðu sér lítið fyrir og lönduðu silfri í sinni deild eftir frábært mót.

Í mars hélt liði svo saman á Allir með leikana á Selfossi en það var ótrúleg skemmtun þar sem við fengum að kynnst allskonar íþróttagreinum og taka þátt í stuttu mótum í hverri grein, frábær skemmtun og góð dagsferð hjá hópnum þar.

Við byrjuðum að bjóða uppá hreyfipjálfun fyrir börn með sérþarfir og hafa þær æfingar gengið gríðarlega vel og við stolt af því að geta boðið upp á slíkt. Það skiptir okkur miklu máli að geta boðið upp á hreyfingu fyrir þau börn sem ekki hafa enn fundið sig í íþróttunum.

Í október var svo komið að Íslandsmóti í einstaklingskeppni sem haldið var á Akureyri. Ægisfélagar stóðu sig vel eins og ávallt og eru alltaf til fyrirmyndar, frábær hópur að ferðast með.



Svo var auðvitað komið að því að velja íþróttamann ársins en félagið valdi að þessu sinni bara íþróttamann ársins eldri. Guðni Davíð Stefánsson var valinn íþróttamaður ársins hjá okkur að þessu sinni en hann hefur staðið sig einkar vel og sýnt mikinn dugnað.



Heilt yfir var árið hjá okkur alveg frábært og við alltaf jafn stolt af þessu flotta félagi okkar.

*Fyrir hönd íþróttafélagsins Ægis
Sylvía Guðmundsdóttir
Formaður Ægis Íþróttafélags*



Starfsskýrsla Karatefélags Vestmannaeyja fyrir starfsárið 2025



Árið 2025 var farsælt og viðburðaríkt í starfi Karatefélags Vestmannaeyja, þar sem uppbygging síðasta árs hélt áfram af krafti og starfsemin styrktist enn frekar. Æfingar barna og ungmenna voru áfram burðarás í starfseminni og mæting og áhugi héldu áfram að aukast. Ljóst er að sú vinna sem lögð hefur verið í yngri flokka er farin að skila sér í sterkari hópi iðkenda.

Á árinu voru haldin beltapróf fyrir yngri iðkendur, sem gengu afar vel. Þátttaka var góð og framfarir greinilegar, sem endurspeglar þann aga og metnað sem ríkir innan félagsins. Áhersla er áfram lögð á grunnildi karate; virðingu, sjálfsgaga og líkamlega og andlega hreysti.

Keppnishópur félagsins hélt áfram að vaxa og dafna. Félagið tók þátt í bæði Íslandsmeistaramóti og bikarmótum þar sem iðkendur náðu góðum árangri og unnu til verðlauna. Þá var einnig merkilegt að þjálfarar félagsins tóku þátt í Íslandsmeistaramóti fullorðinna. Þar unnu þeir til alls átta verðlauna; þrjú brons, fjögur silfur og eitt gull. Sá árangur undirstríkar styrk og reynslu innan félagsins og mikilvægi þess að hafa öfluga fyrirmyndahópa fyrir yngri iðkendur.



Með þessum árangri var staðfest að Karatefélag Vestmannaeyja var næst sigursælasta karatefélag Íslands árið 2025, sem er stór áfangi í sögu félagsins og skýr vísbending um þá öfluga uppbyggingu sem átt hefur sér stað undanfarin ár.


Framtíð félagsins er áfram björt. Með

öflugum barna og unglingsstarfi, metnaðarfullum keppnishópi og sterkum þjálfarahópi eru allar forsendur til staðar fyrir áframhaldandi vexti og árangri á komandi árum.

F.h. stjórnar
Arnar Júlíusson



Starfsskýrsla Tennis og Badmintonfélags Vestmannaeyja árið 2025



Aðalfundur TBV var haldinn 6. september 2025 sama stjórn og síðast; Formaður; Ólafur Björgvin Jóhannesson Varaformaður; Hallgrímur Þórðarson Gjaldkeri; Óskar Elías Óskarsson Ritari; Eyþór Harðarson Meðstjórnendur; Garðar B. Sigurjónsson og Þórey Katla Brynjarsdóttir. Enginn var valinn af þessu sinni sem Tennis og badmintonmaður ársins.

Ekki var farið á nein mót á árinu 2024-2025.

Þjálfarar félagsins á árinu 2024-2025 voru áfram þau;

Þórey Katla Brynjarsdóttir og Óskar Elías Óskarsson.

STARFSÁRIÐ OKKAR

Starfsárið hjá okkur var svipuðum hætti og undanfarin ár. Hjá okkur eru 4 æfingartíma á viku, þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga. Sami kjarninn er að mæta á æfingar en fögnum við því að sjá ný og gömul andlit detta við og við á æfingar hjá okkur. Á virkum dögum mætum við gömlu kempurnar og spilum saman og um helgar mæta fleiri börn og fjölskyldur og spila saman. Okkur finnst áhugi barna og nýliða vera

aukast aðeins hjá okkur, sem við fögnum. Áfram höldum við gefa börnum spaða sem mæta á æfingar og með því vonumst við fá nýja framtíðarfélaga í félagið okkar. Við tókum okkur sumarfrí lok apríl sirka og byrjum svo aftur að rífa í spaðana á haustin.

Á starfsárinu mættu og voru skráð hjá okkur 24 börn, 8 unglingar og 22 fullorðnir.

Sirka 25 virkir.

*Fyrir hönd stjórnar,
Ólafur Björgvin Jóhannesson
formaður.*

Starfsskýrsla Skotfélags Vestmannaeyja fyrir starfsárið 2025

Mikið hefur verið í gangi hjá okkur þetta starfsárið í uppbyggingar vinnu innan félagsins og Íþróttarinnar hér verður stíkl- að á því helsta.

Greiddir félagar 2025 eru 104.

Skotfélag Vestmannaeyja vill þakka styrktaraðilum og velunnurum fyrir alla aðstoð og hjálp á nýliðnu starfsári.

INNANHÚSAÐSTAÐA SKOTFÉLAGS VESTMANNAEYJA

Skotfélagið hefur aðstoðu í Herjólfshöll til æfinga innanhús, og hefur verið góð mæting á æfingátíma hjá okkur. Þessi aðstaða skiptir mjög miklu varðandi að geta æft allt árið.

Fyrir liggur að taka næsta skref í innanhús skotfimi og er það loftskambýssur og laser býssur, og er það megin áherslan á barna og unglingsstarf í þessum greinum. Höfum fest kaup á megnið að þessum búnaði og næst er að ganga frá húsnæði til að geta hafist handa í þessari kennslu. Við höfum haldið reglubundnar æfingar með skammbýssum og hafa þær verið vel sóttar.

Í samstarfi við Skotvís/Ríkislögreglustjóra höfum við verið með verklega kennslu í skotvopnaprófi, og hefur þetta gefist mjög vel.

Haldið var riðla mót í 22LR Benchrest, keppt var í þremur helstu Benchrest flokkunum, Light vermit, Heavy vermit og sporter. Í jan-mars sem gekk vel og margir tóku þátt, þar voru nokkrir keppendur að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni, við erum strax farnir að ræða saman um næsta mót.

SPORTING VÖLLURINN Á ÚTISVÆÐI

Sporting völlum hefur verið í markvissari uppbyggingu, með það að markmiði að



vera með löglegan keppnisvöll. Búið er að ganga frá veðurhlífum á þá fjóra kastara sem við eigum, en búið er að panta tvo kastara í viðbót til að uppfylla völlum sem hægt er að halda íslandsmót á.

Einnig hefur verið gengið frá kaupum á rukkunar búnaði fyrir völluminn.

Verið er að ganga frá skotpöllum, ásamt öryggisgrindum fyrir skotmenn.

Með öllum þessum búnaði er mikið að fylgibúnaði, og erum við búnir með það pláss sem við eigum í stjórn skúr, erum við að skoða hvað er hægt að gera til auka pláss hjá okkur.

Einnig höfum við verið með nokkra vinnudaga á vellinum og hefur mæting verið nokkuð góð.

PUFFIN RUN

2025 vorum við með vatnspóst eins og svo oft áður neðan við skotsvæðið austur á eyju, það hefur myndast skemmtileg hefð fyrir þessu og félagsmenn hafa gaman af að taka þátt í þessu og byggja upp stemn-



ingu í kringum “okkar póst” þar spilum við öflugt rock og hvetjum fólk áfram og fáum mikið hrós fyrir frá hlaupurum sem gerir þetta enn skemmtilegra fyrir okkur.

Fyrir hönd Skotfélags Vestmannaeyja.
Hörður Snær



Starfsskýrsla KFS fyrir starfsárið 2025

Árið 2024 féll KFS í 5. deild í 1. sinn. Keppni hefst 10/5 nk. með hjálp 2. og 3. flokks ÍBV. Andri Ólafsson er sameiginlegur þjálfari okkar. Óðinn Sæbjörnsson lauk störfum og er þakkað góð störf.

Hjalti Kristjánsson er áfram framkvæmdastjóri, Grettir Jóhannesson gjaldkeri, Hannes Gústafsson formaður, Óskar Guðjón Kjartansson og Jakob Möller stjórnarmenn. KFS varð Íslandsmeistari í ísl. Getraunum í öllum 3 deildunum, fyrst allra félaga og næstsöluhæsta félag landsins..



Leikmaður ársins Alexander Örn Friðriksson t.v., mestar framfarir Heiðmar Þór Magnússon. Mestar framfarir: Sigurður Valur Sigursveinsson, Daníel Már Sigmarsson 8 mörk í 14 leikjum, Jói Norðfjörð fremstur með >100 leiki fyrir KFS. Junior Niwamamia farinn heim með 8 mörk í 13 leikjum. Á myndina vantar Óðinn Sæbjörnsson þjálfara 2025.

Starfsskýrsla Blakfélags ÍBV fyrir starfsárið 2025

Eftirfarandi aðilar skipa stjórn Blakfélags ÍBV:

Þóra Sigríður Sigurðardóttir formaður
Andrea Elín Atladóttir gjaldkeri
Elín Þóra Ólafsdóttir ritari
Þorsteinn Sigurðsson meðstjórnandi
Skoðunarmenn félagsins eru: Lilja B. Arngrímsdóttir og Svanfríður Jóhannsdóttir

Ekki var mikið um formlega fundi. Samtölin fóru aðallega í gegnum spjallforritin.

ÞJÁLFAVARAR OG ÆFINGATÍMAR

Æfingar eru á mánudögum kl. 19:00-20:15 og miðvikudögum kl. 19:00-20:30.

Nýliðaæfingar á mánudögum kl. 20:15-21:00.

Þetta árið vorum við enn og aftur þjálfaralausar.

JANÚAR - MAÍ

Mæting á æfingar var lítil, nokkrar úr hópnum hafa dottið út. Það hafa verið að mæta 6-8 manns á æfingu. Voru það aðallega strákar hafa verið að mæta og erum við konurnar orðnar í minnihluta.

Nýliðaæfingarnar gengu nokkuð vel en fór að minnka þegar leið á vorið. Vorum við farin að blanda saman nýliðunum með lengri komnum í blakinu,

MÓT 2025

Ekki náðist að senda lið á Öldung í þetta sinn. Þar sem við höfðum ekki nægan mannskap til að manna liðið okkar.

HAUST 2025

Æfingar hófust aftur í byrjun september.

Ákveðið var að vera einungis með blakæfingar fyrir konur í þetta sinn. Var það gert til að reyna að laða að fleiri konur til að koma og prófa blak. Engar nýliðaæfingar voru í boði í þetta sinn, heldur vorum við með blandaðan hóp. Náðum við nokkuð góðri mætingu til að byrja með, en þegar fór að líða á veturinn voru einhverjar farnar að detta út og oft sem að æfingar féllu niður vegna lítillar þátttöku.

Engin æfingagjöld hafa verið hjá okkur undanfarin ár. Var sú ákvörðun tekin þar sem fáir eru á æfingum og engin kostnaður er hjá okkur vegna blakmóta.

LOTTÓPENINGAR

Fjárhagur félagsins er mjög góður. Við höfum verið að fá lottópeninga og styrk frá ÍBV héraðssambandi.

Blak tímabilið var nokkuð gott hjá okkur. Þó svo við vorum ekki margar sem mættum á æfingar, þá reyndum við að gera gott úr því og skemmtum okkur vel á æfingum, þó fámennt væri á æfingum.

*Þóra S. Sigurðardóttir, formaður
Andrea Atladóttir, gjaldkeri
Elín Þóra Ólafsdóttir, ritari*



Starfsskýrsla Sundfélags ÍBV fyrir starfsárið 2025



Á vorönn 2025 var Norbert Marcin Garbarz yfirbjá lfari fram að sumarfríi og fékk hann aðstoð frá eldri iðkendum, Einari Igarashi og Reyni Má Geirssyni við æfingar.

Á haustönn 2025 tók Svanhildur Eiríksdóttir aftur við þjálfun eftir fæðingarorlof. Árið 2025 voru alls 82 sundiðkendur á skra. Æfingati mar héldust svipaðir og áður, en reynt var að koma til móts við nemendur sem æfa handbolta og fótbolta. Farið var á Gullmót KR 13. - 15. febrúar, en allir þeir sem fóru bættu tímana sína og stóðu sig vel. Fjórir iðkendur stóðust lágmark á AMÍ og var farið í júní.


Aðalfundur var haldinn seinna en venjulega, eða 4. júní, vegna anna stjórnarmanna.

Fjáraflanir voru margvíslegar: við seldum SÁÁ álfinn í maí og aftur í nóvember. Poppvélin var lögð og við gáfum popp á Sjómannadaginn, 17. júní og á goslokunum, og í lok ágúst hjálpuðum við til í Bónus í vörutalningu. Gáfum síðan aftur popp á bókasafninu 6. september og fengum greitt fyrir.

Vinavika var haldin í byrjun september, þar sem allir sem höfðu áhuga á að prófa að æfa sund gátu mætt. Iðkendur buðu líka vinum.

Um miðjan október var sundlauginni lokað vegna viðhalds, og opnaði hún ekki aftur árið 2025. Því féllu allar æfingar niður það sem eftir var ársins.

Vestmanneyjabær féllst á að endurgreiða hluta iðkendagjalds og launa sundþjálfara vegna þessa.



Íþróttamaður Sundfélags ÍBV árið 2025 var kosin Anna Rebeka Wanecka og fékk hún viðurkenningu á Íþróttahátíð ÍBV. Við sama tækifæri var Svanhildi Eiríksdóttur sundþjálfara veitt viðurkenning, silfurnælu ÍBV.

Fundarstaðir hafa verið á veitingastöðum og heimilum stjórnarmanna. Umræðuefni voru m.a. lokun sundlaugarinnar, fjáraflanir, sundmót og ráðning sundþjálfara.

Stjórn sundfélags ÍBV árið 2025 voru:
Formaður - Ragnheiður Reynisdóttir
Gjaldkeri - Salóme Ýr Rúnarsdóttir



Ritari - Ragnheiður Lind Geirsdóttir
Meðstjórndendur - Anný Aðalsteinsdóttir og Sigþóra Guðmundsdóttir

Starfsskýrsla Snóker- og Pílufélags Vestmannaeyja 2025

Aðalfundur Félagsins var haldinn 22.04.2025.

Stjórn félagsins skipa eftirfarandi.

Formaður: Þórarinn Steinsson

Gjaldkeri: Gunný Gunnlaugsdóttir

Meðstjórnendur: Júlíus Ingason, Ólafur Birgir Georgsson, Sigurbjörn Þórður Árnason, Brynjar Einir Einarsson og Atli Rafn Meldal Hreinsson.

Starfsárið hjá okkur var fjórugt að vanda og einkenndist af mörgum mótum bæði í pílukasti sem og snóker. Barnastarfið var á sínum stað og var ágætlega sótt en þegar best lét voru um það bil 20 krakkar við æfingar hjá okkur.

Nokkrir meðlimir hjá okkur fóru á mót upp á meginlandinu og gekk þeim alveg ágætlega.

Félagið eignaðist Íslandsmeistara á árinu en Rúnar Gauti Gunnarsson varð Íslandsmeistari í tvímenning í snóker. Hann varð einnig kjörinn Íþróttamaður ársins og var hann sá fyrsti til að fá þann titill hjá okkar félagi.

Deildarkeppnin í pílukasti er orðin árlegur viðburður hjá okkur sem er gífurlega vinsæl. Einnig héldum við Vestmannaeyjar Open þar sem um 60 keppendur tóku þátt og margir af fremstu píluspilurum landsins voru meðal keppenda.

Félagið stendur bara nokkuð vel fjárhagslega og stefna er sett á að bæta æfingaaðstöðu til muna á árinu 2026. Næsti aðalfundur hjá okkur er boðaður þann 12 maí 2026 og er nokkuð ljjóóst að stjórnin mun eitthvað breytast þar sem nokkrir aðilar hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram en nýjir aðilar munu koma sterkir inn.



Starfsskýrsla Fimleikafélagsins Ránar fyrir starfsárið 2025



Í lok árs 2025 voru iðkendur hjá félaginu skráðir 337 á aldrinum 2-17 ára. Íþróttaskólahópar voru fjórir (1-3 ára). Leikskólahópar fyrir 4-5 ára fengu val um að æfa 1x í viku eða 2x í viku. 1. og 2. bekkur æfðu á sama tíma en 2. bekkur var með lengri æfingatíma.

Keppnishópar eru fjórir (3. bekkur, 4.-5. bekkur, 6.-7. bekkur og 8.-framhaldsskóli). Félagið átti keppendur í 5.-1. flokki í hóp fimleikum/stökkfimi.

Ein hverjar breytingar voru á þjálfaramálum, sumir hættu og við fengum þjálfara aftur inn sem höfðu verið áður að þjálfu hjá félaginu.

Þjálfarar voru 12 talsins í haust (aðal og aðstoðarþjálfarar) og 2 í afleysingum. Nanna Berglind Davíðsdóttir er yfirþjálfari félagsins.

MÓT 2025

Helgina 1.-2. febrúar var haldið lítið heimamót fyrir eldri hópana í stökkfimi þar sem ekki var hægt að fara upp á land þá helgi vegna veðurs. Þær stóðu sig allar ótrúlega vel og fengu gjafabréf frá Eyðisi ísbúð í verðlaun. Bikarmót 22. mars



Laugardaginn 22. mars kepptu fjórir hópar frá okkur á Bikarmóti í Stökkfimi, tveir hópar úr 3. flokk, einn úr 2. flokk og einn úr 1. flokk. Allir hópar stóðu sig ótrúlega vel á mótinu og voru til fyrirmyndar, auk þess sem 2. flokkur hafnaði í 3. sæti.

Rán fór á Íslandsmeistaramót þann 12. apríl og hreppti 3. flokkur, yngri ár 3.

sætið. Á þetta sama mót fór einnig 3. flokkur eldri og 2. flokkur og stóðu þær sig allar ótrúlega vel.

Helgina 17.-18. maí fór 5. flokkur á sitt fyrsta fimleikamót. Þær stóðu sig allar ótrúlega vel á Vormóti og voru allar svo glaðar og kátar. Þær eiga framtíðina fyrir sér í fimleikum ef þær halda áfram að vera svona duglegar að æfa sig. Tveir hópar frá okkur í 4. flokki Stökkfimi, 4.-5. bekkur, kepptu einnig á Vormóti um helgina. Þær stóðu sig allar með þrýði, ótrúlega flottar fimleikastelpur. Rán 2 í endaði í 15. sæti og Rán 1 í 6. sæti af 21 liði.

Þann 24. maí fór 3. flokkur á vormót og stóð sig ótrúlega vel, lenti í 5 sæti í sam- anlögðu og náðu 2 sætinu í dansi. Frábær árangur.

Í lok nóvember fór 3. flokkurinn okkar á haustmót og lenti í 2. sæti, frábær árangur.

ÆFINGAFERÐ

Elsti hópurinn okkar ásamt 2. og 3. flokki í æfingaferð til Svíþjóðar í ágúst 2025 þar sem lögð var áhersla á tæknilega þróun og hópstarf.

Það að geta farið í svona ferðir og æft við





kjöraðstæður sýnir okkur hvað við gætum verið að ná enn betri árangri ef við hefðum betri aðstöðu til fimleikaiðkunar.

AUKA ÞJÁLFUN

Kristinn Þór Guðlaugsson deildarstjóri hóp fimleika hjá Gerplu hefur verið að koma og þjálfa hjá okkur eina helgi á önn og sér hann einnig um eftirfylgni og kemur með hugmyndir af æfingum fyrir þjálfarana okkar. Hann kom til okkar í desember 2025. Við erum afar þakklátar fyrir það samstarf sem gengur vel.

VORSÝNING 2025

Vorsýning fimleikafélagsins var haldin þann 5. júní 2025 og lukkaðist vel. En þar sýndu iðkendur afrakstur vetrarins á glæsilegri Mamma Mía fimleikasýningu.

HÆFILEIKAMÓTANIR

Einn iðkandi fór í hæfileikamótun á árinu 2025, tveimur öðrum stóð það til boða en höfðu ekki tæk á að fara. Þetta er frábært tækifæri fyrir þessar flottu stelpur að fá að æfa með flottum krökkum alls staðar af á landinu og með landsliðsþjálfurum okkar.

JÓLASÝNING 2025

Jólasýningin fór fram 7. desember síðastliðinn þar sem afrakstur haustanna var sýndur. Atriðin voru hin glæsilegustu.



UPPSKERUHÁTIÐ ÍBV HÉRAÐSSAMBANDS

Á uppskeruhátíð ÍBV héraðssambands var Rakel Rut Rúnarsdóttir valin fimleikakona ársins 2025. Rakel Rut er einstaklega flott og heilsteypt stelpa og öflug fimleikakona.

AÐALFUNDUR 2025

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. apríl 2025 þar sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf.

STJÓRN RÁNAR STARFSÁRIÐ 2025-2026

Rannveig Ísfjörð formaður,
Andrea Guðjóns Jónasdóttir, varaformaður,
Thelma Hrund Kristjánsdóttir gjaldkeri,

Helena Björk Þorsteinsdóttir, ritari
Thelma Rut Grímsdóttir,
Sirrý Björt Lúðvíksdóttir

Þær Björg Hjaltestad, Erna Valtýsdóttir og Tinna Sif Guðmundsdóttir stigu út úr stjórn á árinu 2025 og er þeim þakkað fyrir þeirra störf.

Stjórn hefur fundað að jafnaði hvern mánuð á vetrarmánuðum ásamt því að vera í samskiptum í gegnum samfélagsmiðla.

Framkvæmdastjóri félagsins er Anna Hulda Ingadóttir.

*Fyrir hönd stjórnar
Rannveig Ísfjörð
formaður Fimleikafélagsins Rán*



Elís Þór Aðalsteinsson, handboltamaður var valinn íþróttamaður æskunnar hjá eldri flokki og Tanja Harðardóttir, handbolta- og fótoltakona hjá yngri flokki.

